

SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á NORDURLANDI VESTRA

SSNV

ÁRSSKÝRSLA 2021

2021

EFNISYFIRLIT

Starfsmenn SSNV 2021	3
Stjórn SSNV 2020-2022	4
Skýrsla stjórnar fyrir árið 2021	5
Covid-19	10
Sóknaráætlun Norðurlands vestra 2021	11
SSNV atvinnuþróun	17
Samstarf á vettvangi ferðaþjónustunnar	19
Nýsköpun	24
Digi2Market	26
TOURBIT	28
Áfangastaðastofa	29
Byggðagleraugun	30
Samgöngu- og innviðaáætlun	31
Smávirkjanasjóður SSNV	32
Útibúið	33
Framúrskarandi verkefni	34
Að koma Norðurlandi vestra og SSNV á kortið	35
Ráðstefnur og viðburðir	37
Í fréttum var þetta helst	40
Ársreikningur SSNV 2020	46

STARFSMENN SSNV 2021



Ástrós Elísdóttir
verkefnistjóri sóknaráætlunar og atvinnuráðgjafi
á sviði menningarmála, hóf störf í ágúst



Davíð Jóhannsson
atvinnuráðgjafi á sviði ferðamála



Ingibergur Guðmundsson
verkefnistjóri sóknaráætlunar og atvinnuráðgjafi
á sviði menningarmála, léti af störfum í júní



Kolfinna Kristínardóttir
ráðgjafi með áherslu á nýsköpun



Magnús Barðdal
verkefnistjóri fjárfestinga, hóf störf í september



Magnús Jónsson
verkefnistjóri fjárfestinga, léti af störfum í júlí



Matthías Rúnarsson
skrifstofa og bókhald



Sveinbjörg Rut Pétursdóttir
atvinnuráðgjafi á fyrirtækjarsviði



Unnar Valborg Hilmarsdóttir
framkvæmdastjóri

STJÓRN SSNV 2020-2022



**STJÓRN 2020-2022 – KJÖRIN Á RAFRÆNU
28. ÁRS- OG 4. HAUSTÞÍNGI SSNV
ÞANN 23. OKTÓBER 2020**

Ingibjörg Huld Þórðardóttir, formaður
Halldór G. Ólafsson, varaformaður
Anna Margret Sigurðardóttir
Álfhildur Leifsdóttir
Þorleifur Karl Eggertsson

Varastjórn:
Dagný Rósá Úlfarsdóttir
Gunnsteinn Björnsson
Ingveldur Ása Konráðsdóttir
Ragnhildur Haraldsdóttir
Sigurlaug Vordís Eysteinsdóttir

SKÝRSLA STJÓRNAR FYRIR ÁRIÐ 2021

*Áhugalaus aldrei
eigum hér að vaka,
eða aringlæðum
að eigin köku raka.
Ef enginn ber á eldinn
efni í nýjar glóðir,
brennur allt til ösku,
allir tæmast sjóðir.*


Birna Guðrún Friðriksdóttir úr **Ijóðinu Við áramót.**

Fáa grunaði að annáll ársins 2021 gæti byrjað eins og annáll ársins 2020. Með tali um fordæmalausa tíma og áskoranir í heimsfaraldri. Þannig er það nú samt því þó að tímabil hafi komið á árinu þar sem samkomutakmörkunum var að mestu létt, einkenndist árið engu að síður af takmörkunum og hömlum. Þrátt fyrir það var kraftur í starfi SSVN því eins og segir í Ijóðinu hér í upphafi er nauðsynlegt að halda glóðinni við, halda áfram að bera á eldinn til að kynda bálið. Verkefnin eru ærin, einkum í heimsfaraldri.

Samkomutakmarkanir settu mark sitt á þinghald á vegum samtakanna. 29. ársþing var haldið í fjarfundí þann 16. apríl. Auk hefðbundinna þingstarfa voru flutt erindi um Áfangastaðastofu Norðurlands, stöðu í sameiningarmálum í Austur-Húnnavatnssýslu og stöðu verkefna á Norðurlandi vestra í kjölfar óveðurs í desember 2019. Einnig fluttu ávörp þau Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Haraldur Benediktsson, 1. þingmaður Norðvesturkjördæmis og Aldís Hafsteinsdóttir, formaður stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Samkomutakmörkunum hafði verið létt þegar kom að haustþingi sem haldið var á Blönduósi 22. október 2021.

Auk hefðbundinna þingstarfa flutti Karl Björnsson framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga ávarp. Jafnframt voru flutt 6 fræðsluerindi um hin ýmsu verkefni sem unnin eru af eða með stuðningi frá SSVN. Einnig fluttu Hólmfríður Sveinsdóttir sérfræðingur í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu og Anna G. Ólafsdóttir verkefnisstjóri í sama ráðuneyti erindi um stöðu og hlutverk landshlutasantaka sem og stefnu og aðgerðaáætlun í málefnum sveitarfélaga 2019-2023.



STYRKIR OG ÁHERSLUVERKEFNI

Líkt og undanfarin ár hafa verkefni tengd sóknaráætlun landshlutans verið áberandi í starfi samtakanna; úthlutanir styrkja Uppbyggingarsjóðs, áhersluverkefni, verkefni tengd viðaukasamningum við sóknaráætlun, hvers kyns skýrslugerð og upplýsingamiðlun til ráðuneytis o.m.fl. Um áhersluverkefni er fjallað síðar í skýrslunni en nefna má verkefnin: *Auknar fjárfestingar á Norðurlandi vestra sem ætlað er að fjlga störfum í landshlutanum, Matvælasvæðið Norðurland vestra í samvinnu við Vörusmiðju BioPol og Farskóla Norðurlands vestra sem styður smáframleiðendur í framleiðslu og sölu framleiðsluvara sinna og áframhald smávirkjanaverkefnis sem hefur staðið frá árinu 2017.*

Vegna áhrifa Covid-19 veitti ríkisstjórnin auknum fjármunum inn í sóknaráætlánir landshlutanna líkt og gert var á árinu 2020. Fjármagnið var þó mun lægra árið 2021 eða samtals 100 milljónir á landsvísu. Í greinargerð fjárlaganefndar var fjallað um þetta tímabundna framlag til sóknaráætlanna. Í henni fólst mikilvæg viðurkenning á þýðingu sóknaráætlana og þeim skilvirkja og faglega vettvangi sem í þeim felst:

8.20 Byggðamál.

Gerð er tillaga um 100 millj. kr. tímabundið framlag til að styrkja framlög til sóknaráætlana, sem nýtt verði annars vegar til viðspyrnu á svæðum þar sem ferðaþjónusta hefur verið fyrirferðarmikil og hins vegar á svæðum sem hafa glímt við einhæft atvinnulíf og fækkan starfa. Framlag fjárlaga yrði þá 582,4 millj. kr. eða hækkan um 20% frá frumvarpinu. Sóknaráætlir landshluta hafa sýnt sig að

vera öflugt fyrirkomulag til að vinna að nýsköpun og atvinnuþróun vítt og breitt um landið. Landshlutasamtök sveitarfélaga hafa staðið vel undir þeirri ábyrgð sem fylgir umsýslu fjármuna og framkvæmd sóknaráætlanasamninga og fylgja þar skýru og skilvirku verklagi við ráðstöfun fjármuna. Á yfirstandandi ári hafa verið veittar aukalega í fjáraukalögum 200 millj. kr. til verkefnisins og hafa þeir fjármunir nýst vel til viðspyrnu á tímum heimsfaraldurs kórónuveiru.”

Viðurkenning sem þessi á starfi landshlutasamtaka er mikilvæg, ekki síst eftir þá erfiðu tíma sem við höfum lifað undanfarin misseri. Það er vert að þakka hinu opinbera fyrir þessi auknu framlög undanfarin 2 ár en um leið vert að benda á að full þörf er á að þessi aukning verði varanleg og helst meiri. Ásókn í Uppbyggingarsjóð sýnir það svo ekki verður um villst en í úthlutun ársins 2021 var heildarfjárhæð sem óskað var eftir tæpar 228 millj. króna. Fjármunir til úthlutunar voru 75 milljónir.



Fulltrúar SSNV á fundi formanna og framkvæmdastjóra landshlutasamtakanna í tengslum við fjármálaráðstefnu sveitarfélaganna í október.

AUKNAR FJÁRFESTINGAR Á NORÐURLANDI VESTRA

Áfram var lögð áhersla á að laða stærri fjárfestingar inn í landshlutann með það fyrir augum að fjölgatvinnutækifærum og leiða til fólksfjölgunar í landshlutnum.

Í september tók Magnús Barðdal til starfa hjá samtökunum og tók við keflinu af nafna sínum Jónssyni. Hans verkefni mörkuðust eðli málsins samkvæmt af stöðu heimsfaraldurs en allra síðustu vikur og mánuði hafa verkefni þróast hratt og ljóst að allt er að fara af stað að nýju. Hillir nú undir ferðalög og tengslamyndun erlendis sem ekki hefur verið kostur á fram til þessa. Markmiðið er að kynna landshlutann og þau tækifæri sem hér eru sem vænlegan fjárfestingakost.

NÝSKÖPUN

Með ráðningu starfsmanns með áherslu á nýsköpun í lok árs 2020 var brugðist við þörfinni á að hvetja og efta nýsköpun til verðmætasköpunar á Norðurlandi vestra eins og sóknaráætlun landshlutans mælir fyrir um. Vist er að tækifærin eru óþrjótandi og er það hlutverk samtakanna að aðstoða íbúa við að grípa þau og þróa. Í tengslum við þessa áherslu voru á árinu 2021 haldnir fjölmargir viðburðir sem allir höfðu það markmið að efta nýsköpun. T.d. var í janúar blásið til viðskiptahraðalsins Hugsum hærra í samstarfi við Vestfjarðastofu og Senza. Hacking Norðurland í samstarfi SSNV, Eims, SSNE, Nýsköpunar í Norðri og RATA. Í framhaldi af þeim viðburði sameinuðust þessir aðilar um verkefnið Norðanátt sem er nokkurskonar hringrás nýsköpunar sem hefst með hraðli, við tekur vaxtarými valinna verkefna, vinnustofur og svo loks fjárfestahátíð (haldin í mars 2022). SSNV tók í samstarfi við SSNE þátt í Nýsköpunarvikunni,

fyrst landshlutasamtaka. Markmiðið var að kynna þau verkefni sem eru í gangi í landshlutnum. Hér er nefnilega meira um að vera en margur heldur. Jafnframt var lögð áhersla á að hvetja frumkvöðla til að sækja um styrki sem m.a. skilaði sér í auknum árangri í úthlutun Matvælasjóðs á árinu.

UPPLÝSINGAMIÐLUN OG RÁÐGJÖF

Eins og áður hefur mikið verið lagt upp úr upplýsingamiðlun með ýmsum hætti. Má þar nefna örráðstefnur um landbúnað, málstofu um landsbyggðina og fjölmíðla í samstarfi landshlutasamtakanna, örráðstefnu um almenningssamgöngur o.fl. Haustfundur ferðaþjónustunnar var á sínum stað, annað árið í röð á netinu. Nýsköpunarvikan sem áður hefur verið nefnd var haldin í lok maí. Umsjón með hinum ýmsu fundum að beiðni hins opinbera, svo sem um grænbækur um samgöngumál og fjarskipti, var á borði samtakanna. Er þá aðeins nefnt brot þeirra uppákoma sem samtökin stóðu fyrir á árinu. Nánar er fjallað um viðburðina síðar í skýrslunni og vert að nefna að nær allir vefviðburðir eru aðgengilegir á facebook-síðu, heimasíðu og youtube-rás samtakanna. Á þessum miðlum er því orðið til gott safn gagnlegra upplýsinga fyrir einstaklinga og fyrirtæki í landshlutnum sem aðilar á svæðinu eru hvattir til að nýta sér.

ÞÖKKUM ÞAÐ SEM VEL ER GERT

Þegar barist er fyrir framgangi heils landshluta er hætta á að kastljósið beinist nær eingöngu að því sem betur má fara. Til að færa fókusinn á það jákvæða, í það minnsta um stundarsakir, ákvað stjórn að veita frá árinu 2021 viðurkenninguna Byggðagleraugun þeirri stofnun eða ráðuneyti sem þykir hafa skarað fram úr í fjölgun starfa eða verkefna í landshlutnum



eða með öðrum hætti stuðlað að uppyggingu hans. Í viðurkenningunni felst hvatning til forsvarsmana stofnana til að horfa með „byggðagleraugunum“ á verkefni sín og nýta þau tækifæri sem gefast til að flytja störf og/eða verkefni á landsbyggðina. Eitt áhersluverkefna sóknaráætlunar miðar einmitt að því að fjölga rýmum fyrir súlik störf og var fyrsta skrifstofusetrið í tengslum við það verkefni opnað á Hvammstanga í júní. Það hlaut nafnið Útibúið með vísun í að það er staðsett í húsnæði Landsbankans en einnig þar sem þar geta verið útibú fjölmargra stofnana. Verkefninu verður fram haldið og stefnt á að opna súlik setur í fleiri þéttbýliskjörnum í landshlutnum.

STARFSMENN

Nokkrar breytingar urðu á starfsmannahópi samtakanna á árinu 2021. Ingibergur Guðmundsson léti af störfum eftir áralangt farsælt starf sem verkefnisstjóri sóknaráætlunar og ráðgjafi á sviði menningarmála. Er honum þakkað sitt framlag í þágu landshlutans. Í stað hans var ráðin Ástrós Elísdóttir. Magnús Barðdal slóst í hópinn í september eins og fram hefur komið sem verkefnisstjóri fjárfestinga. Í lok árs voru starfsmenn 7. Til viðbótar við þau Ástrós og Magnús: Davíð Jóhannsson, ráðgjafi á sviði ferðamála, Kolfinna Kristínardóttir, ráðgjafi á sviði nýsköpunar, Matthías Rúnarsson sem

sér um bókhald og almenn skrifstofustörf, Sveinbjörg Rut Pétersdóttir, ráðgjafi á fyrirtækjasviði og Unnur Valborg Hilmarsdóttir, framkvæmdastjóri.

Starfsstöðvar samtakanna eru þrjár, aðalskrifstofa á Hvammstanga, á Skagaströnd og á Sauðárkróki. Alla jafna sækja starfsmenn með reglubundnum hætti þá þéttbýliskjarna þar sem ekki eru fastar skrifstofur samtakanna. Vegna samkomu- og ferðatakmarkana hafa súlikar heimsóknir ekki verið æskilegar en ráðgjöf þess í stað verið veitt í gegnum netið.

HÖLDUM ÓTRAUD ÁFRAM

Af framangreindu má sjá að sem fyrr er í nögu að snúast í starfi SSNV. Þrátt fyrir fordæmalausa tíma með öllum þeim áskorunum sem þeim hafa fylgt er starf samtakanna að eflast og taka nauðsynlegum breytingum í takt við þarfir landshlutans. Nauðsynlegt samstarf og samtal hefur aukist við aðila innan svæðis og utan en súlik samtal er nauðsynlegt til að efla og styrkja landshlutann.

Stjórn vill þakka starfsmönnum samtakanna fyrir vel unnin störf og ánægjulegt samstarf á krefjandi tínum heimsfaraldurs. Jafnframt er þeim sem og íbúum landshlutans öllum færð hvatning til að halda áfram að grípa þau tækifæri sem í landshlutnum felast því eins og sóknaráætlun landshlutans ber merki um eru þau sannarlega fjölmörg. Það má ekki gleymast að efling landshlutans er okkar sameiginlega verkefni. Með samstarfi og samheldni náum við meiri árangri en ein og sér. Við þurfum öll að leggja okkar af mörkum eins og fram kemur í öðru erindi ljóðsins sem vísað var í hér í upphafi:

*Það gleymist oft sem okkar
afar nefndu dyggðir,
að færa dug til frægðar,
fegra og auðga byggðir.
Að vaka og standa á verði
vinnulangan daginn,
og bera fyrir brjósti
bús- og þjóðarhaginn.*

Birna Guðrún Friðriksdóttir úr ljóðinu Við áramót.



COVID-19

Dæmigerður fundur í heimsfaraldri.

Í upphafi árs ríkti bjartsýni hvað heimsfaraldurinn varðaði. Bólusetningar almennings voru hafnar og töldu flestir að nú styttist í að líf landsmanna yrði aftur með eðlilegum hætti. Það varð nokkuð reiðarslag að faraldurinn skyldi geisa áfram sem aldrei fyrr og undir lok ársins var fjöldi smita orðinn með mesta móti frá upphafi faraldursins. Þrátt fyrir þetta má segja að starfsemi SSNV hafi að mestum hluta haldist óskert, en hluti hennar færðist yfir á netið. Ferðum vegna funda fækkaði þó mikil og áhrifanna gætti á ýmsa vegu. 29. ársþing var haldið í fjarfundi þann 16. apríl en þegar kom að 5. haustþingi hafði samkomutakmörkunum verið létt og það því haldið á Blönduósi þann 22. október. Starfsmenn þurftu sjaldnast að vinna heima vegna faraldursins enda skrifstofur samtakanna á þremur stöðum og því ekki mikil hætta á að starfsemin stöðvaðist þótt veikindi kæmu upp á einni starfsstöð.

Starfsmenn samtakanna buðu í auknum mæli upp á rafræna viðburði af ýmsu tagi, námskeið, vinnustofur og kynningarfundi, auk þess að veita æ oftar ráðgjöf til viðskiptavina í gegnum fjarfundabúnað.

Áfram var lögð áhersla á að kynna á miðlum samtakanna aðgerðir stjórnvalda vegna ástandsins og veittu ráðgjafar aðstoð eftir fremsta megni eða vísuðu á viðeigandi staði til úrlausnar mála. Annað árið í röð ákváðu stjórnvöld að veita viðbótarframlag til sóknaráætlana vegna heimsfaraldurs en það var þó mun lægra á þessu ári en hinu fyrra, eins og rakið er hér að framan í skýrslu stjórnar.

Það er til marks um aðlögunarhæfni íbúa að breyttum aðstæðum hversu mörgum verkefnum sem fengið höfðu vilyrði fyrir styrkjum úr Uppbyggingarsjóði tókst að ljúka á árinu þrátt fyrir umtalsverðar samkomutakmarkanir og aðrar skerðingar. Árið 2020 var sú ákvörðun tekin að samþykkja frestun verkefna sem hlotið höfðu styrkvilyrði frá Uppbyggingarsjóði 2020 út árið 2021 í þeim tilvikum sem styrkhafar óskuðu þess vegna áhrifa faraldursins. Á þessu ári þótti hins vegar ekki tilefni til að veita umframfrestun, en þó var eitthvað um það að styrkhafar bæðu um frest fram á árið 2022, sem var þá í ákveðnum tilvikum veittur fram í júní, eins og hafði áður tíðkast.

SÓKNARÁÆTLUN NORÐURLANDS VESTRA 2021

Árið 2021 var annað árið af fimm ára samningi um Sóknaráætlun Norðurlands vestra 2020-2024. Framkvæmd samningsins gekk vel. Verkefnisstjóri sóknaráætlunar framan af ári var Ingibergur Guðmundsson, en hann lét sem fyrr segir af störfum í júní eftir áralangt farsælt starf sem verkefnisstjóri sóknaráætlunar og ráðgjafi á sviði menningarmála. Ástrós Elísdóttir tók við starfinu í ágúst.

SKIPTING SÓKNARÁÆTLUNAR

Sóknaráætluninni er skipt í þrennt:

- Sóknaráætlun landshlutans,
- Uppbyggingarsjóður Norðurlands vestra
- og c) Áhersluverkefni.



SÓKNARÁÆTLUN NORÐURLANDS VESTRA

FJÁRMAGN

Fjármagn frá ríkinu til samningsins árið 2021 var alls 105.849.565 kr. Við bætist framlag sveitarfélaga á Norðurlandi vestra 7.419.000 kr. Auk þessa voru viðaukasamningar að upphæð 37.200.000 kr. Þá var sérstakur samningur við atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið vegna iðnaðaruppbryggingar upp á 7.000.000 kr. Aðrar tekjur námu 5.572.213 kr. Alls voru þetta 163.040.778 kr.



Ástrós Elísdóttir

Skipting fjárins var sem hér segir:

- Uppbyggingarsjóður 75.316.573 kr., sem skiptist á milli menningarmála og atvinnuþróunar/nýsköpunar,
- áhersluverkefni 37.600.000 kr.,
- viðaukasamningar 37.200.000 kr.,
- umsýsla 12.000.000 kr. og
- óráðstafað 924.205 kr.

ÁHERSLUVERKEFNI 2021 – FRAMLAG ÚR SÓKNARÁÆTLUN

Áhersluverkefni ársins voru 7 talsins. Verkefnin eru:

Verkefnisstjóri iðnaðar
Matvælasvæðið Norðurland vestra
Fab Lab
Textíll á Húnavöllum
Smávirkjanir – skref 2
Skrifstofusetur
Stafræn borg

Upphæð: 20.000.000 kr.
Upphæð: 4.000.000 kr.
Upphæð: 4.000.000 kr.
Upphæð: 3.000.000 kr.
Upphæð: 3.000.000 kr.
Upphæð: 2.000.000 kr.
Upphæð: 1.000.000 kr.



Matvælasvæðið Norðurland vestra – æ fleiri nýta sér aðstöðu Vörusmiðju BioPol á Skagaströnd.

Greinargerð úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs

Í starfsreglum úthlutunarnefndar segir svo í 1. lið: „7. Nefndin skal árlega skila greinargerð til ársþings SSNV um starf sitt.“ Á síðustu tveimur árum hefur sú breyting orðið á starfsemi nefndarinnar að störf hennar vegna úthlutunar úr Uppbyggingarsjóði hafa færst til og lýkur þeim nú fyrir jól, fyrir úthlutun komandi árs. Hér á eftir fylgir því stutt yfirlit bæði yfir starfsemina fyrir úthlutun úr Uppbyggingarsjóði 2021 og fyrir úthlutun úr Uppbyggingarsjóði 2022, sem lauk í desember 2021.

ÚTHLUTUNARNEFND 2020 VEGNA ÚTHLUTUNAR 2021:

Lárus Ægir Guðmundsson, formaður, Adolf H. Berndsen, Jóhanna Ey Harðardóttir, Sigríður Svavarssdóttir og Þorsteinn Jóhannes Guðmundsson sátu fund úthlutunarnefndar þann 29. september 2020. Á 28. árs- og 4. haustþingi SSNV þann 23. október 2020 var ný úthlutunarnefnd kjörin til næstu tveggja ára: Lárus Ægir Guðmundsson, formaður, Jóhanna Ey Harðardóttir, formaður fagráðs atvinnuþróunar og nýsköpunar, og Ragnhildur Haraldsdóttir, formaður fagráðs menningar. Hin nýja úthlutunarnefnd sinnti úthlutun úr Uppbyggingarsjóði 2021.

FAGRÁÐ ATVINNUÞRÓUNAR OG NÝSKÖPUNAR 2020 VEGNA ÚTHLUTUNAR 2021:

Jóhanna Ey Harðardóttir, formaður, Erla Gunnarsdóttir, Gunnar Tryggvi Halldórsson, Gunnsteinn Björnsson og Rakel Runólfssdóttir.

FAGRÁÐ MENNINGAR 2020 VEGNA ÚTHLUTUNAR 2021:

Ragnhildur Haraldsdóttir, formaður, Elín Lilja Gunnarsdóttir, Helga Rós Indriðadóttir, Jóel Þór Árnason og Lee Ann Maginnis voru skipuð í fagráðið á 28. árs- og 4. haustþingi SSNV þann 23. október 2020. Eftir fyrsta fund í fagráði þann 26. nóvember 2020 sagði Helga Rós Indriðadóttir sig úr fagráðinu og stjórn SSNV skipaði Björgu Baldursdóttur í hennar stað.

ÚTHLUTUN STYRKJA FYRIR ÁRIÐ 2021

Á fundi stjórnar SSNV þann 6. október 2020 voru samþykktar verklags- og úthlutunareglur Uppbyggingarsjóðs fyrir árið 2021. Því næst var auglýst eftir umsóknum um styrki með umsóknarfresti til 16. nóvember 2020.

Alls bárust 123 umsóknir þar sem óskað var eftir rúmum 228 milljónum í styrki. Úthlutunarnefnd vísaði 19 umsóknum frá vegna formgalla en aðrar umsóknir fóru til umfjöllunar í fagráðunum sem lögðu svo tillögur sínar fyrir úthlutunarnefnd. Á fundi úthlutunarnefndar þann 17. desember 2020 ákvað nefndin að úthluta 69 styrkjum, alls að upphæð rúmra 75 milljóna króna. Allir umsækjendur fengu svör við styrkbeiðnum sínum þann 22. desember 2020. Í ljósi samkomutakmarkana var ekki haldin formleg úthlutunaháttíð en upplýsingar um styrkina er að finna á heimasíðu SSNV.

FUNDARGERÐIR 2020

Fundargerðir stjórnar SSNV og úthlutunarnefndar er að finna á heimasíðu SSNV.

ÚTHLUTUNARNEFND 2021 VEGNA**ÚTHLUTUNAR 2022:**

Lárus Ægir Guðmundsson, formaður, Jóhanna Ey Harðardóttir, formaður fagráðs atvinnuþróunar og nýsköpunar, og Ragnhildur Haraldsdóttir, formaður fagráðs menningar.

**FAGRÁÐ ATVINNUÞRÓUNAR OG
NÝSKÖPUNAR 2021 VEGNA ÚTHLUTUNAR
2022:**

Jóhanna Ey Harðardóttir, formaður, Erla Gunnarsdóttir, Gunnsteinn Björnsson, Gunnar Tryggyvi Halldórsson og Rakel Runólfssdóttir.

FAGRÁÐ MENNINGAR 2021 VEGNA**ÚTHLUTUNAR 2022:**

Ragnhildur Haraldsdóttir, formaður, Elín Lilja Gunnarsdóttir, Jóel Þór Árnason, Lee Ann Maginnis og Steinunn Rósa Guðmundsdóttir (var skipuð af stjórn SSNV í stað Bjargar Baldursdóttur).

ÚTHLUTUN STYRKJA FYRIR ÁRIÐ 2022

Á fundi stjórnar SSNV þann 5. október 2021 voru samþykktar verklags- og úthlutunareglur Uppbyggingarsjóðs fyrir árið 2022. Því næst var auglýst eftir umsóknum um styrki með umsóknarfresti til 12. nóvember 2021.

Alls bárust 115 umsóknir þar sem óskað var eftir rúmum 198 milljónum í styrki. Úthlutunarnefnd vísaði fjórum umsóknum frá vegna formgalla en aðrar umsóknir fóru til umfjöllunar í fagráðunum sem lögðu svo tillögur sínar fyrir úthlutunarnefnd. Á fundi úthlutunarnefndar þann 15. desember 2021 ákvað nefndin að úthluta 78 styrkjum, alls að upphæð rúmra 77 milljóna króna. Allir umsækjendur fengu svör við styrkbeiðnum sínum þann 17. desember 2021.

Í ljósi samkomutakmarkana var ekki haldin formleg úthlutunahátíð en ítarleg samantekt um úthlutunina var gefin út rafrænt. Hana er að finna á heimasíðu SSNV.

FUNDARGERÐIR 2021

Fundargerðir stjórnar SSNV og úthlutunarnefndar er að finna á heimasíðu SSNV.

Viðaukasamningar við sóknaráætlun

2018-2021

Verkefnið Innviðauppbrygging vegna gagnavers á Blönduósi hlaut stuðning til fjögurra ára og var árið 2021 það síðasta á tímabilinu. Heildarupphæð stuðningsins við verkefnið var 95 milljónir króna: 20 milljónir á árinu 2018 og 25 milljónir ár hvert: 2019, 2020 og 2021.

2021

Tvö verkefni hlutu stuðning, hvort um sig til eins árs. Húnaþing vestra hlaut 6.6 millj. kr. styrk til verkefnisins Hitaveita í Hrútafirði, mat á jarðhitasvæði og hugsanlegri stækkan hitaveitu. Húnnavatnshreppur hlaut 6 millj. kr. styrk til verkefnisins Sól í sveit – tóvinna, textíll og ferðamenn. Verkefnið var unnið í samvinnu við Textílmiðstöð Íslands og Þekkingarsetur á Blönduósi og samnýttist aðstaða í nýju TextílLabi sem var opnað þar í maí.



TextílLab opnað á Blönduósi 21. maí.

2020

SAMSTARF SAFNA OG SETRA

Þann 5. feb. 2020 var gengið frá samningi við Rannsóknarsetur Háskóla Íslands á Ströndum um gerð fýsileikakönnunar um aukið samstarf og mögulegar sameiningar safna á Norðurlandi vestra. Um er að ræða verkefni sem hefur vísun í lið C14 í Byggðaáætlun 2018-2024, er fjármagnað af mennta- og menningarmálaráðuneytinu og hefur það að markmiði að efla safnastarf í landshlutum. Í kjölfar könnunarinnar var unnin skýrsla sem kom út sumarið 2021 og var kynnt bæði sveitarstjórnarfólk og safnafólk á haustdögum. Forsvarsmenn nokkurra safna og setra á svæðinu hafa þegar tekið að sér að stýra tilraunaverkefni um safnasamstarf eftir hugmynd sem reifuð var í skýrslunni og rædd á fundi safnafólks um haustið.

ALMENNINGSSAMGÖNGUR

Þá hlaut SSNV styrk frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu til að vinna fýsileikakönnun á almenningsamgöngum innan svæðis á Norðurlandi vestra. Verkefnið var unnið í samvinnu við Rannsóknamiðstöð Háskólags á Akureyri og lagt upp með að skoða þörf á almenningsamgöngum innan og á milli vinnusóknarsvæða í landshlutanum. Niðurstöður könnunarinnar voru um margt áhugaverðar og voru birtar í apríl 2021.



SSNV ATVINNUÞRÓUN

SSNV er ætlað að vera leiðandi í uppbyggingu atvinnuþróunar á Norðurlandi vestra með það að markmiði að fylga atvinnutækifærum, auka fjölbreytileika þeirra starfa sem eru í boði, skapa hagstæð skilyrði fyrir ný verkefni og efla hagvöxt. Störf atvinnuráðgjafa miða meðal annars að því að þjónusta einstaklinga og fyrirtæki á svæðinu við þróun viðskiptahugmynda og markaðs- og rekstrarráðgjöf.

Töluverður hluti vinnutíma atvinnuráðgjafa fer í ráðgjöf og aðstoð við gerð áætlana og umsókna til hvers kyns sjóða og lánastofnana. Þá hefur eftirspurn aukist eftir aðstoð við rekstrar- og viðskiptaaætlanir, markaðs- og kynningarstarf og yfirlestur og ráðgjöf við umsóknir í hina ýmsu sjóði. Í samhengi við aukningu á yfirlestri og veittri aðstoð við umsóknagerð má nefna að Norðurland vestra átti góðu gengi að fagna við úthlutun Matvælasjóðs árið 2021. Þar á meðal var verkefnið Matsjá sem SSNV er samstarfsaðili að og fór af stað í janúar sl. Verkefninu er ætlað að veita stuðning til matarfrumkvöðla á öllu landinu.

Oft á tíðum skarast verkefni tengd SSNV atvinnuþróun við verkefni sóknaráætlunar að því leyti að verkefni sóknaráætlunar eru að miklu leyti atvinnuþróun/-ráðgjöf til styrkþega.

Starfsfólk SSNV atvinnuþróunar hefur annast framkvæmd Uppbyggingarsjóðsins, þ.e. eftirfylgni með verkefnum og því til viðbótar fer drjúgur hluti vinnutíma atvinnuráðgjafa í ráðgjöf og aðstoð við gerð umsókna í sjóðinn og einnig áframhaldandi aðstoð við verkefni að lokinni styrkveitingu. Á árinu 2021 buðu starfsmenn samtakanna upp á rafræna kynningu sem fór fram á zoom og var streymt á facebooksíðu samtakanna. Er þetta þá annað árið í röð sem vinnustofan var haldin á netinu. Vinnustofan var vel sótt. Jafnframt var boðið upp á aðstoð við styrkumsóknagerð.

LAUS STÖRF

SSNV hefur frá árinu 2019 auglýst laus störf á svæðinu í gegnum heimasíðu samtakanna. Þá geta sveitarfélög, fyrirtæki og stofnanir sent upplýsingar um störf í boði á starfsmenn SSNV. Starfsmenn SSNV vakta einnig aðrar starfasíður og heimasíður sveitarfélaga og koma þannig upplýsingum um laus störf inn á heimasíðu samtakanna. Auglýsingar starfa án staðsetninga hafa aukist að einhverju leyti og SSNV reynir að tryggja að þær rati allar á starfasíðu samtakanna.

FUNDIR, RÁÐSTEFNUR OG NÁMSKEIÐ

Í byrjun janúar stóð SSNV í samstarfi við KPMG fyrir rafrænum fróðleiksfundi á netinu um Covid-úrræðin og tengsl við rekstur fyrirtækja. Farið var yfir Covid-úrræði stjórnvalda og gafst þátttakendum færi á að spyrja sérfræðinga KPMG út í einstök atriði.



Samtökin, í samstarfi við SSV, SSNE, Nýsköpunarakademíu Ferðaþjónustunnar og Hekluna - atvinnuþróunarfélag stóðu fyrir námskeiði á zoom í tímastjórnun.

Í tengslum við verkefnið Digi2market voru haldin ýmis rafræn námskeið sem tengdust markaðsmálum, leitarvélabestun og útflutningi.

Landshlutasamtökin stóðu saman að kynningu um matvælasjóð í byrjun júní.

Samtökin tóku þátt í rafrænum kynningarfundi á Atvinnumálum kvenna, styrkja- og lánaflokk, í samstarfi við Vinnumálastofnun og önnur landshlutasamtök á landinu.

SSNV stóð fyrir kynningu á facebook um Canva og notkun QR-kóða og bauð í framhaldinu upp á vinnustofur um allt Norðurland vestra þar sem ráðgjafar SSNV aðstoðuðu á staðnum áhugasama einstaklinga. Kynningin er aðgengileg á facebooksíðu samtakanna.

ÍBÚAKÖNNUN

SSNV er þátttakandi í íbúakönnun landshlutanna sem Vífill Karlsson hjá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi hefur unnið um nokkurra ára skeið. Er þetta í annað sinn sem samtökin taka þátt í könnuninni. Í henni er leitað eftir viðhorfi íbúa á landsbyggðinni til núverandi stöðu ýmissa málaflokka og framtíðarhorfa. Er það liður í því að bæta þekkingu opinberra aðila og almennings á búsetuskilyrðum á landsbyggðinni. Niðurstöður könnunarinnar geta nýst til að meta betur búsetukosti á landsbyggðinni og veitt kjörnum fulltrúum mikilvægar upplýsingar um framtíðarhorfur á sínu svæði. Könnunin var send út um mitt ár 2020 en niðurstöður kynntar í byrjun árs 2021.



HÆFNIHRINGIR

Hæfnihringir eru samstarfsverkefni landshlutasamtaka/atvinnuþróunarfélaga sem ætlað er að styðja við fyrirtækjarekstur kvenna á landsbyggðinni. Verkefnið hefur verið leitt af SSNV. Hæfnihringir er aðferðarfræði sem upphaflega var þróuð í gegnum evrópuverkefnið FREE árið 2017, þá leiddi Vinnumálastofnun verkefnið. Verkefnið er byggt á aðferðafræði sem kallast aðgerðanám, en það grundvallast á því að nota raunverulegar áskoranir, verkefni og tækifæri sem grunn fyrir lærðóm. Markmiðið með Hæfnihringjum er að aðstoða frumkvöðlakonur í að komast yfir hindranir með því að a) styrkja hæfni og færni þeirra, b) veita stuðning í formi fræðslu og hagnýtra tækja til eflingar og hvatningar og c) að efla tengslanet þeirra. Hringjunum var stýrt af leiðbeinanda í gegnum zoom, þátttakendum var skipt niður í hópa þvert á landshluta sem gaf þeim tækifæri til að efla enn frekar tengslanetið.

Verkefnið fór fyrst af stað í lok október 2020, þá í samstarfi við SSNE, Austurbrú, SASS og Vestfjarðastofu. Það var svo keyrt í annað sinn á árinu 2021 í breiðu samstarfi allra landshlutasamtaka/atvinnuþróunarfélaga á landinu, að undanskildu höfuðborgarsvæðinu. Þátttaka í verkefninu var mjög góð og almenn ánægja meðal þátttakenda.

SAMSTARF Á VETTVANGI FERÐAÐJÓNUSTUNNAR

Samstarfsvertvangur ferðaþjónustunnar á Norðurlandi vestra og SSNV, sem settur var á laggirnar árið 2014, hélt áfram með virku starfi Fagráðs ferðaþjónustunnar. SSNV leggur til atvinnuráðgjafa með áherslu á ferðamál og starfar hann með Fagráði ferðaþjónustunnar sem í sitja fulltrúar ferðamálafelaganna í Húnaþingi vestra, Austur-Húnnavatnssýslu og Skagafirði.

FAGRÁÐ FERÐAÐJÓNUSTUNNAR 2021:

*Edda Brynleifsdóttir, f.h. Ferðamálafelags Austur-Húnnavatnssýslu (til sumars 2021)
Guðjón Ebbi Guðjónsson f.h.
Ferðamálafelags Austur-Húnnavatnssýslu (frá sumri 2021)
Evelyn Ýr Kuhne, f.h. Félags ferðaþjónustunnar í Skagafirði
Anna Birna Þorsteinsdóttir, f.h.
Ferðamálafelags V-Húnnavatnssýslu (frá sumri 2020)
Unnur Valborg Hilmarsdóttir, f.h. SSNV*



Davíð Jóhannsson

RÁÐGJAFI Á SVIÐI FERÐAMÁLA

Ráðgjafi á sviði ferðamála hjá SSNV, sem starfar með fagráðinu, er Davíð Jóhannsson. Ráðgjafinn kemur einnig að einstökum samstarfsverkefnum sem sprottin eru á öðrum vettvangi, auk þess sem hann er tengiliður á milli sveitastjórna, stjórnsýslunnar og greinarinnar sjálfrar.

SAMSTARFSSAMNINGUR

Í samstarfssamningi verkefnisins er lagt upp með að: a) skapa virkari og öflugri samstarfsvertvang í ferðaþjónustu á Norðurlandi vestra, b) skjóta sterkari stoðum undir afkomu og rekstur ferðaþjónustufyrirtækja á Norðurlandi vestra, c) greina og kortleggja ímynd, vöruframboð og stöðu greinarinnar í landshlutanum í því skyni að leggja grunn að áframhaldandi uppbyggingu og vexti ferðaþjónustu á Norðurlandi vestra, d) styðja við vörubróun og markaðs- og kynningarstarf ferðaþjónustufyrirtækja í því skyni að það verði faglegra og árangursríkara.

HEIMSFARALDUR

Það reyndist einnig verða veruleiki þessa árs að taka mið af því ástandi sem áframhaldandi heimsfaraldur bauð upp á með öllum þeim áskorunum sem því fylgdu fyrir ferðaþjónustuna. Fagráðið kom einungis saman á fjarfundum, sem reynt var að hafa fleiri en styrtti, og miðla upplýsingum í báðar áttir sem nýtast mættu sem best. Áfram var haldið í þeim átaksverkefnum sem gætu gagnast ferðaþjónustunni á svæðinu í ástandinu og skilgreind voru árið 2020 með aðkomu

fagráðsins. Þar hefur t.d. verið lokið við innsetningu um 90 hnítsettra gönguleiða á svæðinu sem grunnupplýsinga og hagnýts leiðsöguefnis. Í öðru verkefni því tengt hafa fagráðsaðilar lagt til hverjar af þessum leiðum verði í forgangi með skiltamerkingu upphafsstaða þeirra.

FUNDIR

Auk venjubundinna funda fagráðsins fóru tveir samráðsfundir fagráðsins með sveitarfélögum fram á árinu. Þar voru málefni Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða og verkefna á svæðinu honum tengd eitt helsta umræðuefnið og vonandi að þessi umræða skili sterkum umsóknum og auðvitað verkefnum í kjölfarið. Einnig var á þeim seinni í byrjun desember rætt um nauðsyn e.k. stefnumótunar og/eða mörkunar einstakra svæða/sveitarfélaga og Norðurlands vestra í heild og hefur undirbúningur þess hafist.

HAUSTDAGUR FERÐAPJÓNUSTUNNAR

Haustdagur ferðapjónustunnar var í annað sinn haldinn í rafrænu formi 10. nóvember og var þar í nokkrum erindum farið yfir málefni, sem eru greininni hugleikin í bráð og lengd. Segja má að ekki hafi verið leitað langt yfir skammt í þetta sinn, en fjórir af fimm fyrirlesurum töluðu héðan að norðan.



RATSJÁIN

RATSJÁIN

Ratsjárverkefnið sem fór af stað um miðjan desember 2020, stóð fram í byrjun apríl 2021 og voru 10 fyrirtæki af Norðurlandi vestra

þáttakendur í því. Verkefnið þótti takast með ágætum og þáttakendur höfðu á orði að tímanum hefði verið vel varið í þann faglega innblástur, sem í boði var. Það eina sem skyggði á var að ekki hafi alla vega einu sinni verið hægt að koma saman í raunheimum. Síðla hausts hófst svo samtal framkvæmda- aðila Ratsjárnar við SSNV og önnur landshlutasamtök um framhald á verkefninu.



Markaðsstofa Norðurlands
nordurland.is

MARKAÐSSTOFA NORÐURLANDS

Sem fyrr eru sveitarfélögin á starfssvæðinu aðilar að Markaðsstofu Norðurlands í gegnum SSNV og hefur stjórn samtakanna að jafnaði einn fulltrúa í stjórn MN. Því hlutverki sinnir nú Álfhildur Leifsdóttir. Talsverð samskipti eru að jafnaði við Markaðsstofuna, t.d. í formi funda og ýmiss konar upplýsinga-miðlunar og er þeim að stórum hluta sinnt af ráðgjafa á sviði ferðamála. Engar ferða-kaupstefnur áttu sér stað á árinu. Á árinu var undirritaður samingur milli Markaðsstofunnar, SSNV og SSNE um rekstur áfangastaðastofu fyrir Norðurland. Innan ramma þessa samnings er m.a. kveðið á um að einn verkefnastjóri MN hafi aðsetur á Norðurlandi vestra og hefur Auður Ingólfssdóttir sinnt því starfi frá byrjun október með aðsetur á skrifstofu SSNV á Sauðárkróki.

HNITSETNING GÖNGULEIÐA

Í sumar sem leið lauk verkefni því, sem hófst í sumarið 2020 og lýtur að hnítsetningu gönguleiða á Norðurlandi vestra. Eftir að liðlega 30 leiðir voru skráðar 2020 var nú bætt um betur og hafa nú alls 94 leiðir verið skráðar, þ.e.a.s. grunnupplýsingar þeirra: GPS-punktar, myndir og texti, og eru þær nú hýstar á vefsíðunni WIKILOC. Þessi hýsing grunngagna er aðallega hugsuð til að leiðirnar verði aðgengilegar almenningi, en auk fyrirhugaðra upplýsingahluta um gönguleiðir á nýuppgjerðri vefsíðu Markaðsstofu Norðurlands hefur Ferðamálastofa einnig hrint af stað verkefni þar sem flestallar gönguleiðir landsins eiga að vera undir. Einnig er í skoðun að gönguleiðirnar verði aðgengilegar hjá fleiri erlendum efnisveitum, sem sérhæfa sig í framsetningu og miðlun efnis til almennings og áskrifenda. Þá eru leiðirnar einnig aðgengilegar á yfirlitskorti á vefsjá SSNV. Fyrirhugað er að skiltamerkingar við upphafspunkt leiðanna sýni QR-kóða, sem fólk getur nýtt til að hlaða leiðirnar upp í síma sína og verður byrjað að setja þær merkingar upp á vordögum 2022.

Verkefnið var skilgreint sem eitt af átaksverkefnum í kjölfar Covid 19 og sem slíkt fjármagnað með sérframlagi stjórvalda í gegnum Uppbyggingasjóð Sóknaráætlunar Norðurlands vestra.

RÁÐHERRA OG FERÐAMÁLASTOFA Í HEIMSÓKN

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir ráðherra ferðamála, iðnaðar og nýsköpunar heimsótti Norðurland vestra fimmtudaginn 12. ágúst. Með henni í för voru Skarphéðinn Berg Steinarsson ferðamálastjóri ásamt starfsfólki ráðuneytisins og Ferðamálastofu. Hópurinn hóf yfirreiðina í Skagafirði þar sem heimsóttir voru ferðaþjónustuaðilar og smáframleiðendur og eftir stuttan spjallfund með

fulltrúum ferðaþjónustunnar í Skagafirði var haldið fyrir Skaga. Þar var stoppað við Ketubjörg og í Kálfshamarsvík en verkefni tengd þessum stöðum hafa fengið framlag úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða á síðustu misserum. Nýjasti veitingastaðurinn á Norðurlandi vestra, *Harbour restaurant* á Skagaströnd, var heimsóttur áður en staðan var tekin með heimamönnum við Hrútey og á Þrístopum, en á báðum þessum stöðum eru í gangi viðamiklar framkvæmdir sem Framkvæmdasjóðurinn hefur komið að og eiga eftir að skila ótrúlega áhugaverðum áfangastöðum fyrir svæðið. Deginum lauk svo á Hvammstanga þar sem ráðherra dró að húni fána *RÉTTIR Food Festival* og hóf þar með þá skemmtilegu matarhátíð, áður en hún smakkaði á framlagi *Sjávarborgar* til hátiðarinnar. Ráðherra hefur árlega farið í svona dagsferð um einn tiltekinn landshluta og var ánægjulegt að Norðurland vestra yrði fyrir valinu í þetta sinn.



Frá dagsferð ráðherra þann 12. ágúst 2021.

Auknar fjárfestingar á Norðurlandi vestra



Magnús Barðdal

Líkt og áður hefur komið fram voru breytingar í starfsmannamálum hjá samtökunum og kvöddum við Magnús Jónsson í summar og Magnús Barðdal Reynisson hóf störf sem verkefnastjóri fjárfestinga í september. Magnús Barðdal gekk þannig inn í þau verkefni sem forveri hans hafði unnið að og hélt þeirri góðu vinnu áfram sem þegar var hafin. Þar má sem dæmi nefna samstarf með Hólmfríði Sveinsdóttur og Matís ásamt gagnaverinu Borealis á Blönduósi um nýtingu á glatvarma sem fellur til frá gagnaverinu. Einnig má nefna vinnu við að skilgreina kosti þess að setja upp græna iðngarða og kynna þá fyrir sveitarfélögum. Sú vinna stendur enn yfir og eru fyrirhugaðir fundir með öllum sveitastjórnum landshlutans ásamt fulltrúum

frá Landsvirkjun sem hafa boðist til að leggja sitt af mörkum í þeirri vinnu.

Þá hafði Magnús Jónsson átt aðkomu að því að starfshópur um iðnaðaruppbýggingu á Hafursstöðum væri settur á fót. Eins hafa kostir þess að nýta hitavatnsuppsprettu í Fljótum til raforkuframleiðslu í varmaveri verið skoðaðir. Með því móti væri hægt að skapa hringsarkerfi með heitu vatni og raforku sem gæti stutt við ýmiss konar framleiðslu á sjálfbærar hátt.

GRÆN TÆKIFÆRI

Mikil vinna hefur farið í að kanna kosti þess að framleiða skógarplöntur á svæðinu. Mikil vakning hefur orðið í kolefnisbindingu í skógrækt á landinu öllu og er fyrirséð að skógrækt muni aukast til muna á allra næstu árum. Fyrirséð er umtalsverð vontun á skógarplöntum og þykir Norðurland vestra henta vel fyrir slika framleiðslu. Það er álit manna að svæðið henti einnig vel til skógræktar og getur framleiðsla á skógarplöntum á svæðinu verið hvatning fyrir landeigendur til að nýta land sitt í meira mæli undir skógrækt. Nú er til skoðunar að setja upp tvær slíkar framleiðslustöðvar á svæðinu af mismunandi aðilum.

AÐGENGI AÐ ORKU

Eftirspurn eftir orku hefur aldrei verið meiri og á það eins við um Norðurland vestra eins og önnur svæði. Þar er flutningskerfið okkar helsti dragbítur og hefur Magnús ásamt fulltrúum af svæðinu fundað með Landsneti og Landsvirkjun með það að leiðarljósi að tryggja raforkuframboð á svæðinu og nýta orku Blönduvirkjunar í heimabyggð. Það er

gríðarlega mikilvægt að rödd heimamanna fái að hljóma skýrt í umhverfi þar sem mikil eftirspurn ríkir á raforkumarkaði.



Upp og áfram. Mynd: Róbert Daníel Jónsson.

ÖNNUR TÆKIFÆRI

Unnið hefur verið að því að nýta augljós tækifæri sem felast í iðnaðarhúsnaðum sem í boði eru á svæðinu og að finna verkefnum sem skapi störf á svæðinu stað í þess konar húsnæði. Má þar meðal annarra dæma nefna rækjuvinnsluna á Skagaströnd. Ýmislegt hefur verið kannað í því samhengi á borð við fiskeldi, hampvinnslu, samlag ýmissa smærri fyrirtækja, þörungaráekt o.fl.

Sveitarfélögin hafa verið dugleg að leita til starfsmanna SSNV með ýmis verkefni og hefur það samstarf gengið vel. Sveitarfélagið Skagaströnd vinnur að því að setja upp baðlón á Skagaströnd sem verkefnastjóri fjárfestinga hefur komið að, ásamt fleiri samliggjandi tækifærum því tengdu.

Einnig er til skoðunar að nýta heitt vatn sem í boði er í Fljótum til baðlóns fyrir ferðamenn og í samhengi við það til uppbyggingar á enn frekari ferðamannaafþreyingu.

Önnur verkefni sem vert er að nefna og eru í vinnslu eru hótelbyggingar á svæðinu, en

mikil vontun er á hótelrýmum á svæðinu öllu í samanburði við önnur svæði.

Þá er einnig samtal í gangi við erlenda fjárfesta sem hafa áhuga á að reisa orkufreka starfsemi á svæðinu. Verkefnastjóri tekur saman gögn fyrir þá aðila og er tengiliður við heimamenn.

HEIMSÓKNIR Á SVÆÐIÐ

Einn þáttur í störfum verkefnisstjóra er að taka á móti gestum sem koma á Norðurland vestra til að kynna sér tækifæri á svæðinu. Íslandsstofa kom í slíka heimsókn í nóvember. Von er á fleiri heimsóknum af þessum toga á næstunni.

NÝSKÖPUN

Áfram var lögð áhersla á stuðning við nýsköpun í landshlutanum á árinu, enda felast í henni mikil tækifæri til verðmætasköpunar. Atvinnuráðgjafi SSNV á sviði nýsköpunar veitir ráðgjöf bæði til sprotagyrtækja sem eru að taka sín fyrstu skref og til rótgróinna fyrirtækja. Verkefnin lúta einnig að aðstoð við einstaklinga sem eru að fóta sig áfram og vilja skapa sér sjálfstæðan atvinnugrunn. Sú aðstoð felst m.a. í að veita upplýsingar og verkfæri til að einfalda ferlið frá hugmynd að viðskiptum, s.s. við móturn hugmynda, gerð viðskipta- og rekstraráætlana, útvega yfirlit yfir styrki og benda á fjármögnunar-möguleika. Með því að styðja við umgjörð og hvata til nýsköpunar í nýjum og rótgrónum fyrirtækjum eflum við samkeppnishæfni svæðisins til framtíðar.

SAMSTARF

Eitt markmiða aukins stuðnings við nýsköpun í landshlutanum er að auka samstarf, innan svæðis sem utan. Þátttaka SSNV í hinum ýmsu viðburðum m.a. með Vestfjarðastofu, SSNE, Eimi og fleirum gengur út á það að auka styrk nýsköpunar í landshlutanum með bættum tengslum og þar með fleiri tækifærum. Stærst þessara verkefna er samstarf SSNV, Eims, SSNE, NÍN og RATA um Norðanátt, hringrás nýsköpunar á Norðurlandi. Norðanáttin miðar að því að fylgja frumkvöðlum eftir frá móturn hugmyndar til fjárfestingar, með hakkaþoni, vaxtarrrými þar sem hugmyndir eru þróaðar áfram undir leiðsögn og að lokum fjárfesta-móti. Um er að ræða afar árangursríkt samstarf sem hefur skilað mikilli þekkingu og dýrmætum tengslum inn í landshlutann. Hringrás nýsköpunar - SSNV, SSNE, NÍN, RATA, Hacking Hekla og Eimur stóðu saman að



Kolfinna Kristinardóttir

umsókn í Lóuna, nýsköpunarsjóð landsbyggðanna, til að byggja upp verkefnið Hringrás nýsköpunar á Norðurlandi. Verkefnið hlaut styrk upp á sjö milljónir en það felst í því að á hverju ári verði hakkaþon, frumkvöðlasmiðja, viðskiptahraðall og fjárfestahátið. Verkefnið gengur út á að sama hvenær árs þú færð hugmynd, þá sé stoðumhverfið tilbúið með verkfæri til að þróa hugmyndina áfram og alltaf sé í boði frekari framþróun á hugmyndinni. Styrkurinn verður nýttur til að keyra viðskiptahraðal í vetur og í framhaldi af því verður haldin fjárfestahátið.



VIÐBURÐIR

Á árinu voru fjölmargir viðburðir og vinnustofur haldnar þar sem fjallað var um nýsköpun frá ýmsum hliðum sem nýtist frumkvöðlum og sprotafyrirtækjum.

HUGSUM HÆRRA SSNV í samstarfi við Vestfjarðastofu og ráðgjafafyrirtækið Senza stóðu fyrir hraðlinum Hugsum hærra fyrir fyrirtæki. Í hraðlinum fengu starfandi fyrirtæki sem vilja hugsa hærra aðstoð við að vinna fjárfestakynningar, móta stefnu og ramma inn viðskiptaáætlun. Sérstök áhersla var lögð á að styrkja fyrirtæki í gerð umsókna í Nýsköpunarsjóð.

HACKING NORÐURLAND Lausnamót þar sem unnið var með sjálfbæra nýtingu auðlinda svæðisins með tilliti til matar, vatns og orku. Markmið lausnamótsins var að efla

frumkvöðlastarf og sköpunarkraft á svæðinu og þannig stuðla að nýjum verkefnum og viðskiptatækifærum. Lausnamótinu er ekki síður ætlað að vekja athygli á því öfluga frumkvöðlasamfélagi sem er á Norðurlandi.

NÝSKÖPUNARVIKAN SSNV tók þátt í Nýsköpunarvikunni í samstarfi við SSNE. Ýmsir viðburðir í tengslum við nýsköpun í landshlutanum fóru fram undir heitinu Nýsköpunarvikan á Norðurlandi, allir viðburðirnir fóru fram á netinu, til að mynda Nýsköpunarferðalag þar sem sýnt var frá frumkvöðlastrum og öðrum stöðum sem veita frumkvöðlum stuðning. Einnig var daglegt hádegisstreymi þar sem frumkvöðlar af Norðurlandi sögðu frá nýsköpunarverkefnum. Hugmyndasamkeppni fór fram í gegnum Hugmyndaþorp þar sem kallað var eftir hugmyndum um hvernig megi fullnýta afurðir.

VAXTARRÝMI Átta vikna viðskiptahraðall með fókus á sjálfbærni, mat, vatn og orku þar sem þátttakendur fá tækifæri til að efla sig og sín fyrirtæki og vaxa með vindinn í bakið. Unnið undir merkjum Norðanáttar í samstarfi SSNV, SSNE, Eims, NÍN og RATA.

360 DIGI2MARKET

SSNV er þátttakandi í Norðurslóðaverkefni sem kallast Digi2Market, sem útfærst gæti á íslensku sem Stafræn leið til markaðar. Verkefninu er ætlað að taka á ýmsum áskorunum sem fyrirtæki á jaðarsvæðum glíma oft við, svo sem smæð markaðar, fjarlægð frá markaði og einangrun. Áætlað var að verkefninu myndi ljúka árið 2021 en vegna Covid-19 var það fram lengt til ársins 2022. Sveinbjörg Rut Pétursdóttir, atvinnuráðgjafi SSNV, stýrir verkefninu fyrir hönd SSNV. Aðrir þátttakendur í verkefninu eru WESTBIC, ICBAN, Udaras na Gaeltachta, University of Ulster og Karelia University.



Sveinbjörg Rut Pétursdóttir

Markmið verkefnisins er m.a. að nýta nýjungar í stafrænum markaðs- og söluhugbúnaði fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki staðsett fjarri markaði og aðstoða þau við að nýta sér stafræna möguleika til sölu og markaðs-setningar.

Samstarfsaðilar í verkefninu hittust á sjötta verkefnafundinum á rafrænum vettvangi, ekki var hægt að ferðast sökum Covid. Sjötti verkefnafundurinn var haldinn 11. – 12. maí. Í byrjun nóvember 2021 reyndist svo loksins tækifæri til að hittast öll og var því verkefnafundurinn haldinn í Joensuu í Finnlandi dagana 2. - 3. nóvember. Verkefnafundirnir eru nýttir til þess að fara yfir stöðu hvers verkefnishluta, sem hver og einn samstarfsaðili ber ábyrgð á, ásamt því að móta framhald þess. Þegar samstarfsaðilar hittast er jafnframt farið í heimsóknir til fyrirtækja og stofnana á hverjum stað, sem nýttar eru til að læra hvort af öðru og skapa tækifæri til frekari tengslamyndunar fyrir möguleg framtíðarverkefni.



Sýnishorn af markaðsefni sem unnið var fyrir Ferðapjónustuna Lýtingsstöðum.

STAFRÆNT EFNI

Í apríl 2021 frumsýndi SSNV efni sem verkefnastjóri SSNV í Digi2market verkefninu vann með þátttakendum í verkefninu. Annars vegar var um að ræða efni fyrir Vörusmiðju Biopol og hins vegar efni fyrir Ferðaþjónustuna Lýtingsstöðum. Efnið er að finna á heimasíðu SSNV. Einnig hefur verið unnið að efni fyrir aðra þátttakendur verkefnisins sem verður gert opinbert síðar meir á heimasíðu samtakanna.

VIÐBURÐIR

Á árinu voru haldnir nokkrir rafrænir viðburðir í tengslum við verkefnið. Viðburðirnar voru haldnir af samstarfsfélögum SSNV en stóðu íslenskum fyrirtækjum einnig til boða. Í byrjun sumars var boðið upp á þrjá viðburði sem allir snéru að markaðssetningu á einhvern hátt. Fyrsti viðburðurinn var haldinn 27. maí og bar yfirskriftina *Marketing your SME in the Digital age*. Annar viðburðurinn var haldinn 3. júní og bar yfirskriftina *Marketing tools & software for SMEs*. Fimmtudaginn 10. júní var viðburðurinn *Optimise your time by taking charge of your digital marketing*. Samstarfsaðilar finna vel fyrir þeim sameiginlegu áskorunum sem fyrirtæki í dreifðum byggðum eru að glíma við og er markaðssetning á samfélagsmiðlum ein þeirra. Upptökur af viðburðum verða allar aðgengilegar á innra neti heimasíðu Digi2market.

SSNV stóð fyrir rafrænni kynningu á Canva og QR sem haldin var m.a. í tengslum við verkefnið Digi2market. Í kjölfar kynningarinnar var boðið upp á vinnustofur þar sem þátttakendur gátu unnið með eigin verkefni og fengið aðstoð frá ráðgjöfum SSNV.

Í lok nóvember og byrjun desember var haldin rafræn námskeiðaröð sem bar yfirskriftina Export marketing seminar series. Í kjölfar viðburðanna gafst þátttakendum sem sóttu öll námskeiðin kostur á því að fá beina ráðgjöf, maður á mann, frá fagaðila.



TOURBIT

Í lok september var biðlað til SSNV að stíga inn í verkefni þar sem annar íslenskur aðili hefði dregið sig til baka, en verkefnið hafði þegar hlotið samþykki um fjármögnun úr COSME-áætlun Evrópusambandsins. Eftir nokkra rekistefnu á formsatriðahliðinni varð það úr að þessi aðili (Íslenski ferðaklasinn) kæmi aftur að verkefninu og yrði hinn formlegi þátttakandi, þar sem ekki rúmuðust fleiri opinberir aðilar í hinum eiginlega samningi. Framkvæmd verkefnisins yrði þó að stærstum hluta útvistað til SSNV í sérstökum samstarfssamningi við Íslenska ferðaklasann. Í TOURBIT verkefninu verður leitað að leiðum til að greina þörf á stafrænum lausnum fyrir smá og meðalstór ferðaþjónustufyrirtæki í þátttökulöndunum og stuðla að frekari þróun hinna stafrænu lausna og notkun. Þátttakendur í verkefninu eru auk Íslands frá Spáni, Frakklandi, Belgíu, Finnlandi, Slóveníu og Portúgal og er verkefnið leitt af katalónska ferðamálaráðinu. Verkefnið fer formlega af stað í ársbyrjun 2022 og varir í 30 mánuði eða fram á mitt ár 2024. Heildarfjármagn þess er u.p.b. 1,3 milljónir evra.



ÁFANGASTAÐASTOFA

Í apríl 2021 var skrifað undir samning milli atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins annars vegar og SSNV og SSNE hins vegar, um stofnun áfangastaðastofu á Norðurlandi. Áfangastaðastofur eru samstarfsvettvangur sveitarfélaga, ríkis og atvinnugreinarinnar og er markmiðið með stofnun þeirra að efla stoðkerfi ferðaþjónustunnar og stuðla að jákvæðum framgangi hennar. Meðal hlutverka eru gerð áfangastaðaáætlana, að koma að gerð stefnumótunar í ferðaþjónustu, þarfagreining rannsókna, vörupróun og nýsköpun, mat á fræðsluþörf auk þess að sinna svæðisbundinni markaðssetningu og vera grunneining í stoðkerfi ferðamála í landshlutunum.



Samningsaðilar við rafræna undirritun samningsins.

Um árabil hafa landshlutasamtökin tvö á Norðurlandi átt farsælt samstarf við Markaðsstofu Norðurlands. Því var í framhaldi af fyrrgreindum samningi gerður samningur við Markaðsstofuna um að hún tæki að sér hlutverk áfangastaðastofu fyrir Norðurland og var samningur þar um einnig undirritaður í apríl.



Frá undirritun samnings milli MN, SSNE og SSNV.

Í tengslum við samning um rekstur áfangastaðastofu réði Markaðsstofan verkefnisstjóra áætlunarinnar. Auður Ingólfssdóttir hóf störf í september og er staðsett á skrifstofu SSNV á Sauðárkróki.

BYGGÐAGLERAUGUN

Stjórn SSNV veitir ár hvert viðurkenninguna *Byggðagleraugun* til ráðuneytis eða stofnunar sem þykir hafa skarað fram úr í fjölgun starfa/verkefna í landshlutanum eða með öðrum hætti stuðlað að uppbyggingu hans. Er viðurkenningunni ætlað að hvetja forsvarsmenn stofnana til að horfa með „*byggðagleraugunum*“ á verkefni sinna eininga og nýta þau tækifæri sem gefast til flutnings starfa/verkefna á landsbyggðina í samræmi við áherslur byggðaáætlunar.

Aðilar sem til greina koma skulu;

- a) vera með starfsstöð í landshlutanum,
- b) hafa sýnt í verki vilja til að efla starfsstöðvar sínar í landshlutanum,
- c) eða með öðrum hætti stuðlað að fjölgun starfa í landshlutanum.

Stjórn SSNV velur þann aðila sem viðurkenninguna hlýtur ár hvert og er viðurkenningin afhent á ársþingi samtakanna.

Viðurkenningin var veitt í fyrsta skiptið árið 2021.

BYGGÐAGLERAUGUN 2021 hlaut Vinnumálastofnun fyrir árangursríka uppbyggingu starfsstöðva stofnunarinnar á Hvammstanga og Skagaströnd. Starfsstöðvarnar báðar hafa mikla þýðingu fyrir samfélögin á Norðurlandi vestra og þykja fyrirmundardæmi um árangursríkan flutning verkefna á landsbyggðina.



Unnur Sverrisdóttir forstjóri Vinnumálastofnunar veitir viðurkenningunni viðtökum.

SAMGÖNGU- OG INNVIÐAÁÆTLUN

Á 29. ársþingi SSNV þann 16. apríl 2021 var samþykkt að skipa samgöngu- og innviðanefnd sem skipuð yrði fulltrúum allra sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, einn fulltrúi frá hverju sveitarfélagi. Í greinargerð með samþykkt þingsins segir eftirfarandi: Vinnu við gerð núgildandi samgöngu- og innviðaáætlunar Norðurlands vestra lauk í júní 2019. Síðan þá hefur verið ráðist í nokkrar framkvæmdir sem tilgreindar voru í áætluninni auk þess sem áherslur einstakra sveitarfélaga kunna að hafa breyst. Því er ástæða til að hefja vinnu við að taka upp áætlunina að nýju, enda henni ætlað að vera lifandi plagg svo hún þjóni tilgangi sínum.

Í nefndina voru skipaðir fulltrúar frá öllum sveitarfélögum á starfssvæði samtakanna, 7 talsins. Nefndarmenn voru eftirtaldir:

AÐALMENN

Alexandra Jóhannesdóttir, Sveitarfélagið Skagaströnd
Dagný Rósa Úlfarsdóttir, Skagabyggð
Drífa Árnadóttir, Akrahreppur
Einar K. Jónsson, Húnavatnshreppur
Magnús Magnússon, Húnaþing vestra
Regína Valdimarsdóttir, Sveitarfélagið Skagafjörður
Sigurgeir Þór Jónasson, Blönduósþær

VARAMENN

Friðrik Már Sigurðsson, Húnaþing vestra
Guðmundur Haukur Jakobsson, Blönduósþær
Halldór G. Ólafsson, Sveitarfélagið Skagaströnd
Magnús Björnsson, Skagabyggð
Ólafur Bjarni Haraldsson, Sveitarfélagið Skagafjörður
Ragnhildur Haraldsdóttir, Húnavatnshreppur

Stjórn SSNV skipaði Regínu Valdimarsdóttur formann nefndarinnar á 67. fundi sínum þann 3. júní 2021.

Með nefndinni starfaði Unnur Valborg Hilmarsdóttir, framkvæmdastjóri SSNV.

Nefndin fundaði tvisvar sinnum á árinu og á milli funda vann starfsfólk SSNV að gagnaöflun og textagerð skýrslu. Nefndarmenn söfnuðu þeim upplýsingum á sínum svæðum sem þörf var á, auk þess sem notast var við upplýsingar sem aðgengilegar eru á kortavefsjá SSNV. Einnig fengust upplýsingar hjá Vegagerðinni, RARIK, Landsneti, Fjarskiptastofu, Lögreglunni á Norðurlandi vestra og víðar. Einnig var gerð könnun á fjarskiptasambandi í dreifbýli á starfssvæðinu til að fá skýrari mynd af raunverulegri stöðu mála þar sem fyrilliggjandi mælingar á fjarskiptasambandi eru gerðar á þjóðvegum eða stofn/tengivegum við allra bestu skilyrði. Oft er það svo að þegar heim að bæjum er komið er staðan allt önnur og þótti nauðsynlegt að ná betur utan um raunverulega stöðu á heimilum og vinnusvæðum í dreifbýli. Könnunin var sú sama og lögð var fyrir við gerð fyrstu útgáfu áætlunarinnar árið 2019. Því er hægt að bera saman niðurstöður.

SMÁVIRKJANASJÓÐUR SSNV

Tilgangur Smávirkjanasjóðs SSNV er að styrkja fyrstu skrefin í rannsóknum á mögulegum rennslisvirkjunum undir 10 MW að stærð á Norðurlandi vestra.

Á árinu 2017 var samið við Verkfræðistofuna Mannvit um úttekt á smærri virkjanakostum á Norðurlandi vestra. Skýrsla Mannvits: Frumúttekt á smávirkjanakostum á Norðurlandi vestra kom út í ágúst 2018 en þar voru skoðaðir 82 hugsanlegir virkjunarkostir í ám á svæðinu.

Í framhaldi af því var stofnaður Smávirkjanasjóður SSNV. Sjóðurinn var eitt af áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Norðurlands vestra 2018-2019.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fyrstu skrefin í rannsóknum á mögulegum rennslisvirkjunum á Norðurlandi vestra sem eru undir 10 MW að stærð.

Sjóðurinn veitir styrki til annars vegar: Skref 1: Frummat smávirkjana og hins vegar: Skref 2: Mat á virkjanlegu rennsli, frummat hönnunar og byggingarkostnaðar.


Í október 2018 auglýsti sjóðurinn eftir umsóknum um styrki í Skref 1. Alls bárust 17 umsóknir og var 8 styrkjum úthlutað. Samið var við Verkfræðistofuna Mannvit um framkvæmd könnunarinnar og lágu niðurstöður hennar fyrir í ágúst 2019.

Í október 2019 var auglýst eftir umsóknum í Skref 2. Þrjár umsóknir bárust og var samþykkt að styrkja tvær þeirra.

Í apríl 2020 var auglýst aftur eftir umsóknum um styrki í Skref 1. Umsóknarfrestur var til og með 2. júní 2020. Alls bárust 12 umsóknir og var 8 styrkjum úthlutað. Samið var við Verkfræðistofuna Mannvit um framkvæmd könnunarinnar og lágu niðurstöður hennar fyrir í júní 2021.



Starfsmenn Mannvits við mælingar á Djúpadalsá í Skagafirði.



SMÁVIRKJANASJÓÐUR

Í október 2021 var auglýst eftir umsóknum í Skref 2: Mat á virkjanlegu rennsli, frummat hönnunar og byggingarkostnaðar í nóvember 2021. Tvær umsóknir bárust og hvorug uppfyllti skilyrði til úthlutunar. Ekki var því úthlutað úr sjóðnum í það skipti.

Ákveðið var að ráðstafa þeim fjármunum sem eftir stóðu í sjóðnum við árslok 2021 til annarra áhersluverkefna áranna 2022-2023. Því hefur verkefnið runnið sitt skeið á enda. Eftir liggja miklar upplýsingar sem geta reynst gagnlegar við framtíðarþróun smávirkjana í landshlutanum.

ÚTIBÚIÐ

Útibúið, skrifstofusetur SSNV, var opnað formlega með opnu húsi fimmtudaginn 3. júní. Mikill áhugi er á verkefninu, innan landshlutans sem utan hans, og mikil samstaða um mikilvægi starfsemi sem þessarar um land allt. Skrifstofusetur stuðla að því að hægt verði að taka við störfum án staðsetningar, bjóða upp á aðstöðu fyrir þá sem vilja flytja störf sín með sér út á land og alla þá sem þurfa á vinnuaðstöðu að halda. Ferðamálastofa hefur tekið eitt rými á leigu fyrir starfsmann og vonir standa til að fleiri bætist við á árinu. Verkefnið var áhersluverkefni Sóknaráætlunar Norðurlands vestra fyrir árin 2020 og 2021. Stefnt er að því að opna fleiri skrifstofusetur í landshlutanum á næstunni. Í Útibúinu á Hvammstanga eru til útleigu alls 10 skrifstofurými í björtu og glæsilegu húsnæði. Val er um annars vegar opin rými sem stúkuð eru af með hljóðdempandi skilrúnum og hins vegar lokaðar skrifstofur.

FRAMÚRSKARANDI VERKEFNI

Árlega er kallað eftir tilnefningum íbúa svæðisins að framúrskarandi verkefnum sem farið hafa fram á Norðurlandi vestra árið áður. Viðurkenningar fyrir framúrskarandi verkefni eru veittar í tveimur flokkum, annars vegar á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar og hins vegar á sviði menningar.

Á fundi sínum þann 12. janúar 2021 ákvað stjórn að veita eftirfarandi verkefnum viðurkenningar sem framúrskarandi verkefni á árinu 2020:

Á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar:



Þórhildur M. Jónsdóttir og Auðbjörg Ósk Guðjónsdóttir taka við viðurkenningunni fyrir hönd Vörusmiðju BioPol.

Vörusmiðja BioPol fyrir Sölubíl smáframleiðenda á Norðurlandi vestra. Verkefnið er allt í senn, sameiningarafl fyrir smáframleiðendur, aukin þjónusta við viðskiptavini þeirra og nýstárleg og góð lausn á markaðssetningu og sölu afurða beint frá býli. Verkefnið styður við smáframleiðendur á því sviði þar sem þekkingu þeirra margra skortir og er í takt við markmið sóknaráætlunar landshlutans um aukið virði afurða sem og sölu vara beint frá býli. Sölubíllinn hefur vakið jákvæða og verðskuldaða athygli á svæðinu sem er eitt mesta matvælahérað landsins og

er mikilvægur þáttur í áframhaldandi atvinnuþróun og uppbyggingu þess.

Á sviði menningararmála:



Þórhildur M. Jónsdóttir og Auðbjörg Ósk Guðjónsdóttir taka við viðurkenningunni fyrir hönd Vörusmiðju BioPol.

Handbendi brúðuleikhús fyrir brúðulista-hátíðina Hvammstangi International Puppetry Festival. Frá stofnun hefur brúðuleikhúsið Handbendi vakið jákvæða athygli á landshlutnum fyrir metnaðarfull og vönduð menningarverkefni sem farið hafa víða, innanlands sem utan. Brúðulistahátíðin sem haldin var í fyrsta skipti í október 2020 var þar engin undantekning. Að halda alþjóðlega brúðulistahátíð á Norðurlandi vestra hefði alltaf verið ærið verkefni en að gera það á glæstan hátt í heimsfaraldri var listrænt og framkvæmdarlegt afrek. Verkefnið er listamönnum í landshlutnum hvatning til að láta ekkert stoppa sig í að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd og er brúðuleikhúsið Handbendi mikilvægur þáttur í menningarlíf landshlutans.

AÐ KOMA NORÐURLANDI VESTRA OG SSNV Á KORTIÐ

Eins og fyrri ár var lögð áhersla á að auka sýnileika landshlutans og miðla upplýsingum úr starfi samtakanna. Heimasíða og samfélagsmiðlar hafa verið nýttir til þess og svæðismiðlarnir hafa verið ötulir í að koma upplýsingum á framfæri. Í auknum mæli hafa fréttir af starfi samtakanna ratað í landsmiðlana og þannig vakið athygli á landshlutanum í heild. Fjölmíðlar leita gjarnan til samtakanna þegar þá vantar viðmælendur um hin ýmsu mál og hefur þá verið bent á aðila sem málið varðar.

N4

Eins og undanfarin ár var gerður samningur við sjónvarpsstöðina N4 um vinnslu efnis af Norðurlandi vestra til birtingar í þáttum stöðvarinnar. Á þeirra miðum birtust um 70 innslög og/eða viðtöl sem flestum var jafnframt dreift á samfélagsmiðlum sem skilaði auknu áhorfi.

Samstarf samtakanna og N4 hefur nú varað óslitið frá árinu 2013 og hefur sjónvarpsstöðin framleitt fjölda vandaðra innslaga um það sem efst er á baugi í landshlutanum hverju sinni til birtinga í dagskrá sinni. Til viðbótar við þessa samninga var hluta þess fjármagns sem varið var til verkefna til að bregðast við aðstæðum vegna Covid-19 á árinu 2020 sett í framleiðslu þáttanna *Uppskrift að góðum degi á Norðurlandi vestra* þar sem kynnt var fjölbreytt úrvval afþreyingar, gistingar og veitingastaða í landshlutanum auk náttúru og mannlífs svæðisins.




N4 við upptökur á efni á Sjávarborg á Hvammstanga.

Upphaf samstarfsins má rekja til niðurstöðu könnunar sem unnin var af Gallup þar sem í ljós kom að verulega hallaði á umfjöllun um mannlíf og menningu á Norðurlandi vestra í fjöldum. Einnig þótti mikilvægt að skrásetja með þessum hætti mannlíf á svæðinu, eiga viðtöl við fólk um störf þess og verkefni og þannig safna aðgengilegu myndefni af íbúum, staðháttum og þróun landshlutans. Ekki er óvarlegt að á þeim árum sem samstarfið hefur varað hafi á bilinu 2-3000 manns af starfssvæðinu komið fram í þáttunum. Heimildagildi þessa efnis er því ótvírætt.

Könnun sem gerð var meðal þeirra sem komið hafa fram í þáttunum leiddi í ljós 90% ánægju þeirra og svipað hlutfall taldi að umfjöllunin hefði skilað aukinni þekkingu um starfsemi fyrirtækisins og/eða stofnunarinnar. Byggt á þessum niðurstöðum var auðvelt að taka ákvörðun um að halda samstarfinu við N4 áfram. Þá hefur einnig komið í ljós að umfjöllunin á N4 vakti áhuga annarra fjöldi á svæðinu og fór í kjölfarið að bera meira á RÚV, Stöð2, Morgunblaðinu og Vísi á svæðinu. Frá upphafi samstarfsins hafa verið unnin í það minnsta 500 innslög í þáttinn Að norðan. Auk þess hafa verið gerðir stakir þættir svo sem viðtöl í Föstudagsþættinum, Landsbyggðir, Þegar, Ungt fólk og krabbamein, Taktíkin að ógleymdu fyrrnefndum þáttum, Uppskrift að góðum degi og þáttaröðinni Óvissuferð á Norðurlandi vestra sem unnin var 2014 og fjallaði um ferðaþjónustu á svæðinu.

FJÖLMIÐLAVAKTIN

Sýnileiki samtakanna er mældur af Fjöldlavaktinni. Frá árinu 2018 hefur fjöldi birtinga aukist jafnt og þétt. Milli áranna 2020 og 2021 eykst hann lítillega ef frá eru taldar birtingar í sjónvarpi og útvarpi. Heildarfjöldi birtinga árið 2021 er 241 samanborið við 210 árið 2020. Árið 2016 var heildarfjöldi birtinga 52.



HEIMASÍÐA OG SAMFÉLAGSMIÐLAR

Heimasíða samtakanna er jafnframt mikilvægur liður í miðlun upplýsinga innan svæðis sem utan. Á árinu 2021 voru samtals birtar um 290 fréttir á heimasíðu samtakanna. Þeim var jafnframt deilt á samfélagsmiðlum, aðallega á facebook en einnig á instagram. Einhverjar fréttir eru aðeins birtar á samfélagsmiðlum og jafnframt hafa instagram- og facebook-story verið notuð fyrir miðlun upplýsinga af daglegu starfi samtakanna.

Fylgjendum á facebook fjölgaði úr 1000 í upphafi árs 2021 í tæplega 1400 í lok árs. Að meðaltali ná færslur sem þar er deilt til um 1000 manns.

Fylgjendum á instagram hefur jafnframt fjölgað jafnt og þétt og voru í lok árs 2021 um 400.

RÁÐSTEFNUR OG VIÐBURÐIR

SPJALLAÐ UM LANDBÚNAÐ

Í febrúar var efnt til spjalls um landbúnað á facebookssíðu SSNV. Fengnir voru viðmælendur sem höfðu ýmislegt til málanna að leggja hvað landbúnað varðar og spjallað við þá um þennan málaflokk sem er okkur á Norðurlandi vestra svo mikilvægur. Eftirfarandi aðilar komu í heimsókn:

Erna Bjarnadóttir, hagfræðingur og sérfræðingur í tollamálum

Hrönn Ólina Jörundsdóttir, forstjóri MAST

Kristján Þór Júliusson, landbúnaðarráðherra

Hólmfríður Sveinsdóttir, ráðgjafi

Þrír frumkvöðlar í vinnslu landbúnaðarafurða: Hildur Þóra Magnúsdóttir frá Pure Natura, Pétur Pétursson frá Jöklavíni og Þórhildur M. Jónsdóttir formaður Félags smáframleiðenda og verkefnisstjóri Vörusmiðju Biopol.

ÖRRÁÐSTEFNA UM FÝSILEIKA ALMENNINGSSAMGANGNA Á NORÐURLANDI VESTRA

Í maí var haldin örráðstefna um almenningssamgangur. Kynnt var fýsileikakönnun almenningssamgangna á Norðurlandi vestra sem unnin var af Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri (RHA) með styrk úr byggðaáætlun. Jafnframt fluttu erindi þau Nanna Steina Höskuldsdóttir frá Samtökum sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE) og Halldór Jörgensson forstöðumaður almenningssamgangna hjá Vegagerðinni.

MÁLSTOFA UM FJÖLMIÐLA

Landshlutasamtök sveitarfélaga stóðu í samvinnu fyrir málstofu um fjölmiðla og landsbyggðir í maí. Fjallað var meðal annars um vægi og birtingarmyndir íbúa á landsbyggðunum í fréttatíðindi, mikilvægi staðbundinna fjölmiðla, hlutverk og skyldur almannapjónustumiðla gagnvart dreifðum byggðum og farið yfir dæmi frá Norðurlöndum.

Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra setti málstofuna. Erindi fluttu Hilda Jana Gísladóttir, bæjarfulltrúi og formaður stjórnar SSNE, Birgir Guðmundsson dósent við fjölmiðlafræðideild Háskólans á Akureyri, Elfa Ýr Gylfadóttir framkvæmdastjóri Fjölmiðlanefndar og Stefán Eiríksson útværpsstjóri.

Viðburðurinn var haldinn í samstarfi við Byggðastofnun, RÚV, Háskólanum á Akureyri og mennta- og menningarmálaráðuneytið.

SAMSTARFSMÖGULEIKAR SAFNA OG SETRA

Í september var haldinn rafrænn kynningarfundur þar sem skýrsla um samstarf og sóknarfæri safna og setra var kynnt starfsfólk safna, setra og sýninga á svæðinu. Jón Jónsson og Eiríkur Valdimarsson frá Rannsóknarsetri Háskóla Íslands á Ströndum unnu skýrsluna að undirlagi SSNV og í samræmi við tillögu í Byggðaáætlun 2018-2024. Jón kynnti skýrsluna á fundinum og Þóra Björk Ólafsdóttir framkvæmdastjóri safnaráðs flutti erindi.



QR- OG CANVANÁMSKEIÐ

SSNV bauð upp á rafrænan kynningarfund í nóvember um notkun QR kóða og Canva í markaðssetningu. Á kynningarfundinum var farið yfir ýmsa möguleika við að nota snertilausar lausnir við miðlun efnis og hvernig hægt sé að búa til faglegt kynningarefni á einfaldan og fljóttlegan hátt. Í framhaldi af kynningarfundinum voru haldnar vinnustofur á svæðinu þar sem veitt var aðstoð til þátttakenda við verkefni sem þeir voru að fást við. Kynningarfundurinn er aðgengilegur á heimasíðu SSNV og facebook síðu samtakanna. Fundurinn og vinnustofurnar voru hluti af verkefninu Digi2market.

Viðburðir vegna Digi2Market

Nokkrir rafrænar viðburðir voru í boði fyrir íslensk fyrirtæki og frumkvöðla í gegnum samstarfsaðila SSNV í verkefninu Digi2market. Allir viðburðirnir fóru fram á ensku og stóðu til boða endurgjaldslaust.

MARKETING YOUR SME IN THE DIGITAL AGE

Noreen D'Arcy frá *D'Arcy Marketing & PR* og Catherine O'Grady Powers frá *Glen Keen Farm* voru með erindi á námskeiðinu. Noreen fór yfir mikilvægi þess að hafa markvissa markaðsáætlun, vita nákvæmlega hver viðskiptavinurinn er og hvernig á að ná til hans með allsherjarnálgun. Catherine fór yfir nokkrar af markaðsaðferðum *Glen Keen Farm*, kom með gagnlegar ábendingar og markaðssigra sem *Glen Keen Farm* hefur fagnað.

MARKETING TOOLS & SOFTWARE FOR SMES

Meg O'Gara, eigandi *Magnificent Creative* og Colm Healy, eigandi *Skelligs Chocolate* voru með erindi á viðburðinum.

Meg fjallaði um sjálfvirka markaðssetningu og hvernig hún getur gert líf fyrirtækjaeigenda auðveldara. Colm fór yfir „gamification“ verkfæri ætlað til að auka þátttöku viðskiptavina, sjálfvirkni markaðssetningar í tölvupósti og verkfæri sem gera litlum og meðalstórum fyrirtækjum kleift að ná til „FOMO“ (ótta við að missa af) viðskiptavina.

OPTIMISE YOUR TIME BY TAKING CHARGE OF YOUR DIGITAL MARKETING

Á vefnámskeiðinu voru erindi frá Emma Boylan, eiganda *Outside the Box* og frá Éadaoin Nic Giolla Chomhaill, sölu- og markaðsstjóra *Wildlands Galway*.

Emma fór yfir góð ráð með tilliti til efnissköpunar, efnisstjórnunar og tímasetningar. Éadaoin fjallaði um mikilvægi þess að skilgreina markaðsmarkmið, skoða heildartilgang vörumerkisins og styrkleika og miðla þeim í stafrænu-/samfélagsmiðlaumhverfi.

E-EXPORTING & MARKETING

Efnistök viðburðarins voru rafræn viðskipti, farsímaviðskipti og félagsleg viðskipti; hvernig fyrirtæki geta selt á netinu í gegnum þessar rásir, kostir/gallar hverrar þeirra, alþjóðleg tækifæri sem þær bjóða upp á, hvernig þessar rásir/stafræn markaðssetning geta laðað að alþjóðlega umferð og hvernig nýting rásanna leiðir til viðskiptavina sem greiða fyrir vöru.

EXPORT MARKETING PLAN

Á námskeiðinu var farið yfir hvernig á að búa til árangursríka útflutningsmarkaðsáætlun og þætti sem þarf að hafa í huga, t.d. val á erlendum mörkuðum, landslag samkeppnisaðila og markaðsaðgerðir þeirra, rásir, aðferðir, tímalinur, fjárhagsáætlun o.s.frv.

SEARCH ENGINE OPTIMISATION

Á vinnustofunni var farið yfir hvernig á að auka og bæta vefumferð á vefsíðu eða umferð um hana frá leitarvélum og auka sýnileika og vörumerkjavitund. Í vinnustofunni var unnið með raunveruleg dæmi frá þátttakendum á viðburðinum.

AUTOMATED MARKETING

Á vinnustofunni var farið yfir hvernig á að gera markaðsstarf sjálfvirkt sem leiðir til þess að vönduðu efni er dreift jafnt og þétt til viðskiptavina. Sjálfvirkt markaðsstarf eykur sömuleiðis tímasparnað. Farið var meðal annars yfir virkni Mailchimp og HubSpot.

Í FRÉTTUM VAR ÞETTA HELST

Á árinu var yfirlit birt mánaðarlega yfir það helsta sem hafði verið á döfinni hjá samtökunum í liðnum mánuði. Hér má sjá yfirlit ársins.



**Í FRÉTTUM ER
ÞETTA HELST**

JANÚAR

ÚTHLUTUN STYRKJA

Úthlutun úr Uppbyggingarsjóði Norðurlands vestra. 69 umsóknir fengu brautargengi og var samtals úthlutað 75 milljónum króna. Í mánuðinum var gengið frá samningum um vel flest verkefnir og í fyrsta skipti voru allir samningar undirritaðir rafreint.

 SÓKNARÁÆTLUN NÖRDURLANDS VESTRA

HÆFNIHRINGIR

Auglýst var eftir þáttakendum í hæfnihringi á netinu. Hringirnar eru fyrir konur sem vilja styrkja hæfni sina og færni. Samstarfsverkefni allra landshlutasamtaka að frumkvædi SSNV.



VIÐSKIPTA-HRAÐALL

Viðskiptahraðallinn Hugsum herra í samstarfi SSNV, Vestfjarðastofu og Senza fór af stað. 10 fyrtíteki af Norðurlandi vestra og Vestfjörðum tóku þátt í 5 daga hraði með Einar Sigvaldasyni frá Senza. Ráðgjófar SSNV og Vestfjarðastofu munu velta fyrtítekjunum eftirfylgt og áframhaldandi ráðgjöf um nokkura mánaða skeið.



FRAMÚRSKARANDI VERKEFNI 2020

Stjórn SSNV valdi framúrskarandi verkefni að fengnum tilnefningum frá íbúum svæðisins. Fyrir valinu urðu Hvammstangi International Puppetry Festival á svíði meiningar og á svíði atvinnubrúnar og nýsköpunar, Sólbill smáframleiðenda.

COVID OG PINN REKSTUR

Fróðleiksfundur KPMG og SSNV um Covid úrræði stjórnvalda. Öllum opinn.



NÝTT SÍMANÚMER

Samrökkin tóku í notkun nýtt símanúmer 419-4550. Með því var gómu símtækjunum lagt og geta starfsmenn nú svarað í sín beinum númer sama hvar þeir eru staddir í gegnum Teams.



FYRIR NORÐURLAND VESTRA



**Í FRÉTTUM ER
ÞETTA HELST**

FEBRÚAR

HACKING NORÐURLAND

Lausnamótíð Hacking Norðurland kynnt en SSNV er aðili að mótið ásamt Elm, Nordic food in Tourism, SSNE og Nýsköpun í Norðri. Lausnamótíð hefst 15. apríl. Skráning er hafin.



SAMNINGAR UM STYRKI

Undirritaðir voru samningar um styrki til tveggja verkefna í landshlutunum vegna styrkeiningar úr lið C1 á byggðáætum, sértask verkefni sóknaráætlunarsvæða. Verkefni sem hluto styrk eru hitaveita í Hrútfirði (7,2 milli) og Sál í svét - uppbrygging textilfúrsuma á Húnavöllum (6 milli).



SAMNINGUR SSNV OG N4

Undirritaður samningur við sjóvarþarpsstöðina N4 um framleiðslu og birtingu efnis frá starfssvæði samtakanna í helstu þáttum sjóvarþarpsstöðvarinnar á árinu 2021. Hefur samstarf SSNV við N4 staðið yfir óslítið frá árinu 2013.



ÍBÚAKÖNNUN

Ný könnun landshlutasamtaka sveitarfélöganna á búsetuskilyrðum og hamingju landsmanna kynnt. Í framhaldinu voru haldnir fundir fyrir kjörra fulltrúa á Norðurlandi vestra til að kynna niðurstöðum.



STUÐNINGUR VIÐ SMÁFRAMLEIÐENDUR

Undirritaður samningur við Vörusmiði BioPol um áframhaldandi stuðning við smáframleiðendur. Verkefnið lýtur að stuðningi við smáframleiðendur á starfssvæði samtakanna í samstarfi Vörusmiðjunnar og Farskóla Norðurlands vestra. Um áhersluverkefni sóknaráætlunar er að ræða.



HLAÐVARP SSNV

Hlaðvarp SSNV, sem hleypt var af stokkunum 2019, endurvakið og verður birt um það bil hálfsmánoðarlega á helstu streymisveitum.



STYRKUR TIL SSNV

Verkefnasjóður umhverfis- og auðlindaráðuneytis veitir SSNV styrk að upphæð kr. ó milljónir til verkefnisins Nýting glatvarma í hringrásarhagkerfinu.



SPJALLAÐ UM LANDBÚNAÐ

Viðalsröð um landbúnað á facebook síðu SSNV. Raett var við aðila sem hafa sérfræðipekkingu á ýmsum svíðum landbúnaðar. Viðólin eru aðengileg á facebook síðu SSNV.



2021

FYRIR NORÐURLAND VESTRA



Í FRÉTTUM ER

ÞETTA HELST MARS



NÝTING GLATVARMA

Verkefnaðjörð umhverfis- og auðlindaráðuneyti veitti SSVN styrk að fjárhæð 6 milljónum króna til verkefnisins „Nýting glatvarma i hringrásarhagkerfinu“. Verkefnið felst í að safna og greini gögn til að meta elgínleika glatvarmans sem myndast í gagnaveri *Etitx Everywhere Borealis* á Blönduði með það að sjónarmiði að nýta varmaminn i hringrásarhagkerfinu sem aðvaka fyrir staðbundna matvælavinnslu.



HÆFNIHRINGIR

Á dögnum lauk Hæfnihringjum, samstarfsverkefni landshlutusamtaka/ atvinnuþróunararfélaga, sem snýr að stuðningi fyrir konur í fyrirtækjarekstri á landsbyggðinni.



HLAÐVARP SSVN

Hlaðvarp SSVN, Fólkjóð á Norðurlandi vestra, hélt göngu sinni áfram með þremur nýjum þáttum. Viðmódelndur voru þau Ólina Sif Einarsdóttir, Helgi Sæmundur Guðmundsson og Elínborg Erla Ásgeirs dóttir.



NÝSKÖPUNARVIKIN

SSNV skrifði undir samstarfssamning við Nýsköpunarvikuna sem verður haldin þann 26. maí til 2. júní næstkomandi. Ætlunin er að veikja athygli á nýsköpun sem á sér stað í landshlutunum.

HVAÐ Á BARNIÐ AÐ HEITA?



Óskað var eftir tillágum að nafni á skrifstofuseitið sem mun opna á Hvammstanga á næstunnini. Margar góðar tillögur bérust og verður tekin ókvörðun á næstu vikuum.

HACKING NORÐURLAND



Opnáð var fyrir skráningar í lausnamátið Hacking Norðurland sem fer fram 15. til 18. apríl. Unnið verður með sjálfbærar nýtingu auðlinda svæðisins með tilliti til matar, vatns og orku.

STEFNA UM SAMGÖNGUR



Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið og SSVN buðu til rafraðs samráðsfundar um stöðum samgöngumála á Norðurlandi vestra. Á fundinum verður fjallað um samgöngumál í landshlutunum, helstu óskoránir og tækifæri og valkostí til framfara.

VIÐVERA



Davíð Jóhannesson, ráðgjafi á svíði ferðamála hjá SSVN var með viðveru á Skagaströnd, Blönduði og Hvammstanga.

SÓKNARÁÆTLUN NORÐURLANDS VESTRA

2021 FYRIR NORÐURLAND VESTRA

Í FRÉTTUM ER

ÞETTA HELST APRÍL



ÁFANGASTAÐASTOFA



Undirritaður var samningur SSVN og SSNE við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og Ferðamálastofu um Áfangastaðastofu Norðurlands. Í framhaldini var gengið frá samningi við Markaðsstofu Norðurlands um rekstur áfangastaðastofunnar.

FUNDAD MEÐ RÁDHERRUM

Formenn og framkvæmdastjórar landshlutusamtaka funduðu með ráðherrum samgöngu- og sveitarstjórnarmála, umhverfis- og auðlindamála og ferðamála, nýsköpunar og iðnaðar um græna atvinnuþróun og nýsköpun um land allt.

FJARSKIPTA-ÁÆTLUN

Haldinn var fjölsóttur samráðsfundur um fjarskiptamáli í samvinnu við samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið. Fundurinn var liður í vinum við nýja fjarskiptaáætlun

HACKING NORÐURLAND

Lausnamátið Hacking Norðurland frá 15.-18. apríl en mótið var samstarfsverkefni SSVN, Hacking Heila, Eims, Nordic Food in Tourism, SSNE og Nýsköpun í Norðri

26. ÁRSÞING SSVN

26. ársþing SSVN var haldin í fjarfundi þann 16. apríl.

SUMARSTARF Í BOÐI

Auglýst var sumarstarf fyrir námsmann hjá samtökunum við að hnittsetja gönguleðir og við skiltamál.

RENNSLI MÆLT



Í tengslum við smávirkjanaverkefni SSVN voru sérfræðingar að ferð til að mæla rennslu 8 vetrarsfílla í landshlutunum.

SÝNDAR-VERULEIKI



Kynntar voru afurðir vinnu með tveimur samstarfsfyrirtækjum í *Digi2Market* verkefni þar sem gagnvirkur sýndarveruleiki er nyttr til markaðssetningar. Fyrirtækini eru Ferðaþjónustan á Lýtingsstöðum og Vörusmiðja BioPol.

BYGGÐA-GLERAUGUN '21



Vinnumálastofnun voru veitt Byggðagleraugu SSVN árið 2021 fyrir árangursríka uppbryggingu starfssíðova stofnunarinnar á Hvammstanga og Skagaströnd en þar starfa samtals um 40 manns.

SÓKNARÁÆTLUN NORÐURLANDS VESTRA

2021 FYRIR NORÐURLAND VESTRA



Í FRÉTTUM ER

ÞETTA HELST



ALMENNINGS-SAMGÖNGUR

Haldin var órráðstefna um fýsileika almenningssamgangnar á Norðurlandi vestra. Meðal annars var kynnt skýrsla um efnihó sem umnir var af Rannsóknarmiðstöð Háskóla Íslands á Akureyri. Verkefnið var styrkt úr byggðaáætlanum.



FJARSKIPTA-ÁÆTLUN

Haldinn var fjölsóttur samráðsfundur um fjarskiptamál í samvinnu við samgöngu- og sveitarfjörðarráðuneytið. Fundurinn var líður í vinnu við nýja fjarskiptaáætlun.



FUNDUR MED UAR

Sjálfar SSNV fundaði með umhverfis- og auðlindaráðuneytinu um Landsáætlun og skarðan hlut landshlutans í síðustu úthlutun.



NÝSKÖPUNARVIKAN

SSNV var þátttakandi í Nýsköpunarvikunni í samvinnu við SSNE. Haldinn voru físlmargir viðburðir sem kynntu nýsköpun á Norðurlandi í breiðum samhengi. Auk þess var sett upp hugmyndaþorp sem kynnti nýsköpun á Norðurlandi var lögð á hugmyndir tengdum fullvinnslu afurða.

MAÍ

HLAÐVARPS-PÆTTIR



Í hlaðvarpsbátum mánaðarins var spjallað við Kristinn Gíslu Jónsson, landslíðskokk og Sigrúnlu Helgu Indriðdóttir, bóna, listamann og smáframleidiðanda.

MÁLSTOFA UM FJÖLMIÐLA



SSNV var aðili að málstofu um fjöлmiðla og landsbyggðir þar sem fjallad var um vægi og birtningarmynd ibúa landsbyggðanna í fréttog og dagskráefni.

SKRIFSTOFAN FLYTUR



Aðalskrifstofa SSNV sem staðsett er á Hvammstanga flutt í glæsileg húskynni í húsnæði Landsbankans.

BARNA-MENNING



Kynnt var barnamenningarhátið sem haldin verður í fyrsta sinn á Norðurlandi vestra í október. Hefur hátiðin fengið nafnið Skúnavkroll. Er verkefnið óhersluverkefni Sóknaráætlunar landshlutans en hefur auk þess fengið styrk úr Barnamenningarsjóði og samfélagsjóði Landsvirkjunar.

ÚTIBÚIÐ KYNNT



Útibúið - skrifstofusetur á Hvammstanga var kynnt. Er það staðsett í húsnæði Landsbankans á Hvammstanga. Þar geta aðilar sem vinna störf án staðsetningar leigt sér fullkomna vinnuaðstöðu. Verkefnið er óhersluverkefni Sóknaráætlunar Norðurlands vestra.

SÓKNARÁÆTLUN
NORDURLANDS VESTRA

2021

FYRIR NORÐURLAND VESTRA



Í FRÉTTUM ER

ÞETTA HELST JÚNÍ

HNITSETNING GÖNGULEIÐA



Anton Scheel Birgisson var ráðinn til að hnítsetja gönguleiðir á Norðurlandi vestra í sumar. Verkennu er fram haldilí frá síðasta ári þegar hatt í 40 leiðir voru gengnar.

NÝSKÖPUNARVIKAN

SSNV tók þátt í Nýsköpunarvikunni í samvinnu við SSNE. Haldinn vor fjöldi viðburða, farir í rafraent ferðalag um Norðurland og Hugmyndaþorpipjálist af frábærum hugmyndum um hvernig fullvinnu má afurðir.

KYNNING Á VERKEFNUM



Magnús Jónsson, verkefnistjóri fjárfestinga hjá SSNV og Unnur Valborg Hilmarsdóttir, framkvæmdastjóri, héldu erindi á útibúiði nokkura ráðuneyta á Nýsköpunarvikunni. Magnús fjallaði um glatvarmaverkefni sem er að fá fara af stað í tengslum við gagnaverið á Blönduði og Unnur fjallaði um sóknaráætlunir landshlutanna.

ÚTIBÚIÐ

Útibúið, skrifstofusetur var formlega opnað í húsnæði Landsbankans á Hvammstanga. Þar eru til útleigu 10 fyrstu floks skrifstofurýni í björku og glæsilegu húsnæði fyrir einstaklinga, fyrirtækjum og stofnunum.

STARF ÁN STAÐ-SETNINGAR



Með opnum Útibúins á Hvammstanga skapast aðstæða fyrir störf án staðsetninga. Fyrsti starfsmáðurnir sem leigir rými í Útibúini hefur hafið störf en það er Beate Kury sem starfar hjá Ferðamálastofu.

HLAÐVARP MÁNAÐARINS

Viðmeðlandi hlaðvarps mánaðarins var Sigurður Hauksson, umsjónarmaður skíðasvæðis Tindastöls.

LAUST STARF HJÁ SSNV



Auglýs var laus til umsóknar stáða verkefnistjóra sóknaráætlunar hjá samtökunum með aðalstarfsstöð á Skagaströnd og fasta víkulega viðvera á Blönduði.

HRINGRÁS NÝSKÖPUNAR

SSNV er aðili að verkennu Hringrás nýsköpunar sem hlaut styrk úr Lóu, nýsköpunarsjóði landsbyggðanna. Verkefnið gengur út að halda órlega hakkaþon, frumkvæðasmáðju, viðskiptahreðal og fjárfestahátið. Samstarfsaðilar eru auk SSNV, SSNE, Nýsköpun í norðri, Hacking Hekla og Eimur.

SÓKNARÁÆTLUN
NORDURLANDS VESTRA

2021 FYRIR NORÐURLAND VESTRA



Í FRÉTTUM ER

ÞETTA HELST

JÚLÍ



FJÖLDI UMSÓKNA

Auglýst var starf verkefnisstjóra Sóknaráætlunar Norðurland vestra. Alls bárust 19 umsóknir um stöðuna og er óncægilegt að sjá þennan mikla áhuga á því að starfa í þágu uppbryggings Norðurlands vestra.



SKÝRSLA UM SMÁVIRKJANAKOSTI Á NORÐURLANDI

Út er komin skýrslan Norðurland - kortlagning smávirkjanakosta, sem unnið er af Verkfræðistofunn Vatnaskilum fyrir Orkustofnun. Eru þar skoðaðir hugsanlegir virkjankostir í sveitarfélögum um Norðurlandi.



HLAÐVARP MÁNAÐARINS

Viðmælandi hlaðvarps mánaðarins, Fólkid á Norðurlandi vestra, var Edda Brynleifsdóttir á Blönduósi.

MENNINGARVIÐBURÐIR



Á Norðurlandi vestra er öflugt mannlíf og fjöldinn allur af menningarviðburðum. Viðburðadagatal SSNV var uppfært með öllum helstu viðburðum í landshlutanum.

SUMARSTARFSMÁÐUR



Maria Þís Ólafsdóttir höf störf sem sumarstarfsmaður hjá SSNV, hún mun starfa við glatvarmaverkefni við gagnaverið á Blönduósi. Verkefnið hlaut nýverið styrk frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu og miðar að því að finna leiðir til að nýta varma sem frá gagnaverinu kemur til verðmætaskópunar. Maria Þís hefur lokið MS gráðu í lífverkfæði frá Háskóla Íslands og höf hún störf í lok júní.

NÝR LIÐSMAÐUR



Ástrós Elisdóttir hefur verið ráðin til SSNV sem verkefnistjóri Sóknaráætlunar landshlutans og atvinnuráðgjafi. Meðal verkefna Ástrósar verður umsjón með framkvæmd Sóknaráætlunar landshlutans, þ.m.t. útlitunarfæri Upplýsingarsjóðs, skýrslugerð, samskipti við styrkpega og upplýsingamiðun um framgang áætlunarinnar. Hún mun [æ]nframt sinna almennum atvinnuráðgjöf með sérstakri áherslu á stuðning við menningartengda starfsemi á Norðurlandi vestra.

SÓKNARÁÆTLUN NORÐURLANDS VESTRA

2021

FYRIR NORÐURLAND VESTRA

Í FRÉTTUM ER

ÞETTA HELST

ÁGÚST



NÝR VERKEFNISTJÓRI FJÁRFESTINGA HJÁ SSNV

Magnús Barðdal hefur var ráðinn í starf verkefnistjóra fjárfestinga hjá SSNV. Um er að ræða límsabundið verkefni sem skilgreint var sem áhersliverkefni áranna 2021 en hefur nú verið fram lengt til hausts 2022. Markmið verkefnisins er að auka fjárfestingar í landshlutanum með það fyrir augum að fölga atvinnutækifærum.



NORDANÁTT KYNNIR VAXTARRÝMI

Nordanátt, fyrstu regnhálfarsamtök nýsköpunar á landsbyggðinni, kynntu viðskiptahraðaðann Vaxtarrými til leiks. Markmið hraðalsins er að veita þátttakendum teikiferi til að effa sig og sin fyrirtæki og vaxa með vindinn í bakið. Að verkefnið komi SSNV, Elmur, SSNE, Nýskópunar í norðri og RATA. Höpurin vinnur í andanýrrar klásastefnu, þvert á stofnanir samfélagsins og hraðar framþróun og nýsköpun.



RÁÐHERRA Í HEIMSÓKN

Þórdís Kolbrún Reykjærð Gylfadóttir ráðherra ferðamála, iðnaðar og nýsköpunar var á ferð um Norðurland vestra. Með henni í fór voru Skarphéðinn Berg Steinarsson ferðamálastjóri ásamt starfsfólk ráðuneytisins og Ferðamálastofu. Ferðajónustuaðilar og smáframleiðendur voru heimsóttir.



YFIRLIT YFIR STYRKI HAUSTSINS

Tekið var saman yfirlit yfir þá sjóði sem eru auglýstir til umsókna á næstu mánuðum. Einig var vakin athygli á þjónustu atvinnuráðgjafra SSNV við ráðgjöf og aðstoð við umsóknarskrif.



NÝR LIÐSMAÐUR

Ástrós Elisdóttir tók til starfa hjá SSNV sem verkefnistjóri Sóknaráætlunar landshlutans og atvinnuráðgjafi. Megin starfsstöð Ástrósar verður á Skagastórdi með fastri vikulegi viðveru á Blönduósi.



TUNGLSKOTIN HEIM Í HÉRAÐ

Atvinnuráðgjafi á svíði nýsköpunar hjá SSNV fór á Snaefellsnes í vinnumstofu fyrir þátttakendur í nýsköpunarumhverfi landsbyggðana. Markmið vinnustofunnar var að finna leiðir til að stýðja við vistkerfi nýsköpunar um allt land.



HLAÐVARP MÁNAÐARINS

Viðmælandi hlaðvarps mánaðarins, Fólkid á Norðurlandi vestra, var leikskólastjórin Guðbjörg Hallgríðorsdóttir á Sauðárkrúki.

SÓKNARÁÆTLUN NORÐURLANDS VESTRA

2021

FYRIR NORÐURLAND VESTRA

Í FRÉTTUM ER

ÞETTA HELST

SEPTEMBER

SMÁVIRKJANA- SJÓÐUR SSVN



Árið 2018 var Smávirkjanasjóður SSVN stofnaður. Tilgangur hans er að styrkja fyrstu skrefin í rannsóknum á mögulegum rennslisvirkjunum á Norðurlandi vestra sem eru undir 10 MW að staða. Að þessu sinni verður úthlutað úr Skrefi 2: Mat á virkjanlegu rennsli, frummat hönnunar og byggjarkostnaðar. Umsóknarfrestur er til og með 15. október 2021.

MATSJÁ

I samstarfi við Samtök smáframleiðenda matvæla lögðu landshlutamönkin á öllu landinu inn umsókn í Matvælasjóð sem hlaut brautargengi. Verkefnið snýr að því að veita smáframleiðendum stuðning með því að sníða aðferðarfrcði úr verkefni Ratsjá að matarfrumkvöðum.



ÚTHLUTUN MATVÆLASJÓÐS

SSVN fagnaði góðum árangri verkefna í annari úthlutun Matvælasjóðs. Alls hlut sjó verkefni á Norðurlandi vestra stuðning. Auk þess voru aðilar í landshlutnum samstarfsaðilar í fjölda umsóknum sem hlutu styrki



SÖFN OG SAMSTARFS- MÖGULEIKAR

Haldinn var ráfrænn kynningarfundur þar sem skýrsla um samstarf og söknarferði safna á Norðurlandi vestra var kynnt starfsfólk safna, setra og sýninga á svæðinu. Þeir Jón Jónsson og Eiríkur Valdimarsson frá Rannsóknasetri Háskóla Íslands á Ströndum unnu skýrsluna að undirlagi SSVN og í samræmi við tillögu í Byggðaáætlinu 2018-2024.



GÖNGULEIÐIR Í STAFRÆNU FORMI

Í sumar stóð yfir framhald af verkefni sem hófst í fyrrasumari og lýtur að hnittsetningu gönguleiða á Norðurlandi vestra. Hátt í hundrað leiðir á Norðurlandi vestra eru nú aðgengilegar á vefsíðunni Wikiloc.

NÝR LIÐSMAÐUR

Magnús Barðdal tók til starfa hjá SSVN sem verkefnistjóra fjárfestinga. Markmið verkefnisins er að auka fjárfestingar í landshlutnum með það fyrir augum að fylgja atvinnutekifærum.



VAXTARRÝMI

Fjölmargar umsóknir bárust í viðskiptahraðalini Vaxtarrými. Um er að ræða átta víkna viðskiptahraðall fyrir frumkvöðla, ný fyrirtæki og nýsköpunarverkefna innan starfandi fyrirtækja á Norðurlandi. Áttu teymi voru valin í hraðalini.



2021

FYRIR NORÐURLAND VESTRA



Í FRÉTTUM ER

ÞETTA HELST

OKTÓBER



TEXTÍLL Á HÚNAVÖLLUM



UPPBYGGINGAR- SJÓÐUR

Opnað var fyrir umsóknir í Uppbyggingsjóð Norðurlands vestra. Tilgangur Uppbyggingsjóðs er að styrkja annars vegar menningar- og hinsvegar atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni í landshlutnum.



MATSJÁ

Opnað hefur verið fyrir umsóknir í Matsjá, verkefni sem er ætlað smáframleiðendum matvæla sem vilja efla leiðtogaferni sína, öðlast aukna getu til að þróua vörur og þjónustu og efla tengslanetð sitt í greininni. Matsján fer fram á 14 vikna tímabili frá 6. janúar til 7. apríl og samanstendur af sjá í lotum með heimafundum/jafningjaráðgjöf, fræðslu og erindum, verkefnavinnu og rádgjöf.



MINNISBLOKKIR

Minnisblokkir voru sendar á öll heimili Norðurlands vestra í telefni þess að opnað var fyrir umsóknir í Uppbyggingsjóð Norðurlands vestra. Blokkirnar hafa meira notagildi heldur en hinum hefðbundni fjölpóstur og við vonum að þær komi að góðum notum til að skrifa niður hugmyndir, minnispunkta og innkaupalistu svo dæmi séu nefnd.



HAUSTÞING

5. haustþing SSVN var haldið á Blönduosi þann 22. október. Heftbundin þingstörf fóru fram ásamt áhugaverðum erindum gesta.



VINNUSTOFUR VAXTARRÝMIS

Vinnustofur viðskiptahraðalins Vaxtarrými fóru fram á Hvammstanga þann 15. október og á Sauðárkrúki 29. október. Þátttökueymín fóru í heimsóknir í nýsköpunarfyrirtækjum, unnu að gerð viðskiptáætlanum, eftðu framsögn og hlustu á spennandi fyrirlestra.

SÓKNARÁÆTLUN NORÐURLANDS VESTRA

2021

FYRIR NORÐURLAND VESTRA



Í FRÉTTUM ER

ÞETTA HELST

NÓVEMBER



KÖNNUN Á FJARSKIPTASAMBANDI

Í nóvember stóð yfir könnun á fjarskiptasambandi í dreifbýli í landshlutanum. Tilgangur könnunarinnar er að draga upp [raunsonna mynd](#) af stóðu fjarskiptamála á heimilum og vinnusvæðum í dreifbýli en útbreiðslukort gsm og 3G/4G sýna stóðu miðað við allra bestu aðstæður.



QR OG CANVA NÁMSKEIÐ

Atvinnuráðgjafar SSNV, [Sveinbjörg Rut](#) og [Kolfinna](#), héldu rafrafanum kynningarfund þar sem þær kynntu möguleika QR og Canva. Vinnustofur voru svo haldnar á Blönduósí, Hvammstanga og Sauðárkrúki þar sem þátttakendur með snjallssíma eða farið til ófyrir sínar starfsemi.



LOKAHÓF VAXTARRÝMIS

Lokahóf Vaxtarrýmis Norðanáttar fór fram á Akureyri 26. nóvember. Þar kynntu þátttökuteymir áttu verkefni sem þau höfðu unnið að í viðskiptahraðlinum. Á viðburðinum flutti [Unnar Vellborg Hilmarsdóttir](#) framkvæmdastjóri SSNV árvap sem hugsað var sem hvatning til teymanna um að halda ótrauð áfram að vinna að hugmyndunum sinum.

HAUSTDAGUR FERÐA- ÞJÓNUSTUNNAR



Haustdagur ferðajónustunnar á Norðurlandi vestra var haldinn á Zoom miðvikudaginn 10. nóvember. Þetta er í sjóttu sinn sem dagurinn er heldinn og voru netgrefstir um fjarriti talsins. Á fundinum voru flutt fimm áhugaverð erindi, sem allt tæptu á efti tengdu greininni í ljósi [növerandi stóðu](#) og framtíðarhorfa að því leyti sem hægt er að ráða í þær.

ÁHERSLU- VERKEFNI



SSNV auglýsti eftir hugmyndum að [áhersluverkefnun fyrir árin 2022 og 2023](#). Áhersluverkefni eru hluti af söknaráætlun landshlutans og eru skv. samningi um söknaráætlani: „verkefni sem hafa beina skírkotun til söknaráætlunar landshlutans og stýðja við Heimsmarkmið Sameinuða þjóðanna.“

JÓLAGJAFI HUGMYNDIR



SSNV söfnuðu saman jólagjafahugmyndum, frá sölum- eða þjónustuáðlum á Norðurlandi vestra, sem henta fyrirtækjum á svæðinu í jólapakk til starfsmanna. Verslun jólagjafa í heimabyggð er [mikilvægar liður í efpling atvinnulífs í landshlutanum](#) og á það ekki síður við um fyrirtækji en einstaklinga.

HLAÐVARP MÁNAÐARINS



Viðmælandi hlaðvarps mánaðarins, [Fólk Í Norðurlandi vestra](#), var [Sandra Granquist](#). Sandra er doktor í vistfræði sela, deildarstjóri selaramsóknardeildar Selaseturs Íslands og sérfræðingur hjá Hafnarsskostofnum

SÓKNARÁÆTLUN NORÐURLANDS VESTRA

2021

FYRIR NORÐURLAND VESTRA



Í FRÉTTUM ER

2021

ÞETTA HELST

DESEMBER



300 MILLJ. Í JÓLAGJAFIR

Við áætluðum hvað íbúar á Norðurlandi vestra eyða miklu í jólajafir út frá forsedum frá Ramnsóknarsetri verslunarinnar. Í ljós kom að það er engin smá upphæð eða **300 milljónir**. Það munar um það fyrir verslun í héraði. Við réðumst í kynningaráráttum í desember til að hvetja fólk til að versla jólajafir í heimabyggð. Við vöktum jafnframt sérstaka athugi á fyrirtækjum sem bjóða upp á vörur eða þjónustu sem henta í jólajafir fyrir fyrirtækji.



FRAMÚR- SKARANDI VERKEFNI

Við auglýstum eftir tilnefningum til framúrskarandi verkefna á svíði menningarmála og atvinnu- og nýsköpunarmála. Fjölmargar tilnefningar bárust og verða viðurkenningarhafar kynntir í janúar.



HLAÐVARP MÁNAÐARINS

Viðmælandi mánaðarins var [Jóhann Daði Gíslason](#). Hann er ungur tónleikahaldari í Skagafirði og setti upp tónleikana Jólin heima. Helgi Sæmundur Guðmundsson spjallaði við Jóhann Daða um viðburðahald í landshlutanum. Ekki missa af þessu!



STYRKIR ÚR UPPB. SJÓÐI

Úthlutunarferli Uppbyggingarsjóðs lauk í desember og var [öllum umseckjendum](#) tilkynnt um niðurstöðu fyrir jól. Ekki verður haldin úthlutunarháttíð að þessu sínum en upplýsingar um styrkþega og verkefni þeirra birt í upphafi árs.



2021

FYRIR NORÐURLAND VESTRA

ÁRSREIKNINGUR SSNV